ÞORSTEINN JÓNÍNUSON
Á stórkostlega borvél sem hrærir steypu
• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

HÍBÝLI OG VIÐHALD
Harpan er farin að taka á sig mynd
Sérblað um híbýli og viðhald
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
15. mars 2010 — 62. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Sögulegur áfangi

Fyrsta víetnamsk-íslenska og íslensk-víetnamska orðabókin komin út.

TÍMAMÓT 14

Í hlutverki karls

Ilmur Kristjánsdóttir leikur Jón Grindvíking í Íslandsklukkunni í Þjóðleikhúsinu.

FÓLK 26

Hæfileikamaðurinn

Einar Már Jónsson skrifar um embættismann, sem fékk að kynnast því að laun heimsins eru oft vanþakklæti.

Í DAG 12

Rooney skorar og skorar

Manchester United, Chelsea og Arsenal unnu öll leiki sína um helgina.

ÍÞRÓTTIR 20

VEÐRIÐ Í DAG



Úrkomulítið á landinu í dag. Það léttir til austanlands en vestantil verður skýjað og að mestu leiti úrkomulaust. Hiti verður víða á bilinu 1 til 7 stig.

VEÐUR 4

Bankarnir vilja blása lífi í bónuskerfi starfsmanna

Skilanefndir bankanna bjóða bankastarfsmönnum þreföld laun fyrir vistaskipti. Í skoðun er að taka upp bónuskerfi í bönkum. Mikilvægt er að þeir einir fái bónus sem eiga hann skilið, segir viðskiptaráðherra.

VIÐSKIPTI Þreifingar eru um að taka aftur upp bónuskerfi í Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Slíkt kerfi var við lýði í bönkunum fram að hruni haustið 2008. Bónuskerfi hafa ekki verið tekin upp í bönkunum síðan þá. Gangi allt eftir munu bónuskerfin einskorðast við tvö svið, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf.

„Það er mikilvægt að halda launahvatakerfi innan skynsamlegra marka og að þeir einir fái kaupauka sem eiga hann skilið," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. Reglur um árangurstengdar greiðslur eru hluti af viðamiklum breytingum ríkisstjórnarinnar á lögum um fjármálafyrirtæki, sem liggja á borði viðskiptanefndar Alþingis. Í þeim segir meðal annars að jafnvægis eigi að gæta á milli launa- og bónusgreiðslna.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru laun hjá bönkunum þremur þau hæstu innan fjármálageirans, ef frá eru skildar skilanefndir bankanna. Meðallaun hjá skilanefndum Kaupþings og Landsbankans hér á landi voru um 450 þúsund krónur á mánuði í fyrra en 1,1 milljón hjá skilanefnd Glitnis.

Flestir starfsmenn skilanefnda eru með hagfræði- eða viðskiptafræðimenntun. Miðgildi mánaðarlauna viðskipta- og hagfræðinga nam 581 þúsund krónum í fyrra, samkvæmt kjarakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, sem gerð var í fyrrahaust. Þetta var átta prósenta hækkun milli ára.

Þá eru heimildir fyrir því að skilanefndir hafi freistað starfsmanna nýju bankanna með allt að þrisvar sinnum hærri launum.

Bankarnir hafa verið tregir til að upplýsa um launakjör. Arion banki og Íslandsbanki vísa í að upplýsingarnar muni koma fram í væntanlegum ársreikningi. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum eru meðallaunin um 480 þúsund krónur. Ásmundur Stefánsson bankastjóri er með 1,5 milljón króna í laun á mánuði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru framkvæmdastjórar bankans með um eina milljón króna á mánuði.

- jab

FÓSTURLANDSINS FREYJUR Olga Kristjánsdóttir, í faldbúningi, og Oddný Kristjánsdóttir, í upphlut, setja faldblæju á Dóru G. Jónsdóttur gullsmið. Dóra er klædd skautbúningi, skartið smíðaði hún sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjóðbúningadagur haldinn í annað sinn á Þjóðminjasafni Íslands:

Vinsælt að sauma búninga

FÓLK Húsfyllir var í Þjóðminjasafninu í gær þegar gestum gafst kostur á að skoða búninga safnsins. Þeir sem mættu í þjóðbúningi fengu frítt inn.

„Dagurinn er kjörið tækifæri fyrir þá sem eiga þjóðbúning að klæðast honum en þeim konum hefur fjölgað mjög sem sauma sér búning," segir Helga Vollertsen, kynningarstjóri Þjóðminjasafns Íslands. „Þarna mátti sjá marga fallega faldbúninga og skautbúninga, upphluti og peysuföt, bæði erfðagripi og sérsaumaða búninga. Sérstaklega var gaman að sjá alla barnabúningana en þeir voru fleiri í ár en í fyrra."

Í tengslum við daginn hefur verið sett upp sýning á þjóðbúningabrúðum Sigríðar Kjaran sem hún gaf Þjóðminjasafninu árið 2001.

Helga segir þjóðbúningadaginn hafa tekist afar vel og mikla lukku hafi vakið þegar félagar í Þjóddansafélagi Reykjavíkur hafi boðið upp í dans. Hún vonast til að hefð skapist fyrir þjóðbúningadeginum og hann verði að árlegum viðburði.

- rat

Telja 500 störf geta skapast:

Mikið járngrýti finnst í jörðu á Grænlandi

GRÆNLAND Jarðrannsóknir bresks námufyrirtækis í Isukasia á vesturströnd Grænlands gefa til kynna að þar sé umtalsvert magn af járngrýti í jörðu.

Námufyrirtækið London Mining telur að um 951 milljón tonna af járni sé að finna í jörðinni við Isukasia, um 150 kílómetrum fyrir norðan höfuðstaðinn, Nuuk.

Þetta er um 65 prósentum meira en félagið hafði áætlað þegar það hóf rannsóknir þar.

Grænlenska útvarpið segir að námuvinnsla gæti hafist 2014 og að hún geti skapað allt að fimmhundruð störf.

Nú mun breska fyrirtækið sannreyna að gæði járnins séu jafn mikil og sýnist, en að óbreyttu mætti vinna járn úr slíkri námu í allt að áttatíu ár.

- kóþ

SPURNING DAGSINS



Hvar er Binni?

„Binni er bara í húsinu sínu á fullu að laga til."

Örn Marinó Arnarson var einu handabandi frá hinum eftirlýsta Osama bin Laden við gerð nýrrar heimildamyndar. Hvar er Valli? eru vinsælar bækur þar sem hinn röndótti Valli er í felum.

Verkalýðsfélag Akraness vill að aðgangur að auðlindum endurspeglist í launum:

Krefjast sömu launa og í Straumsvík

VINNUMARKAÐUR Verkalýðsfélag Akraness krefst þess að launþegar Norðuráls (Century Aluminium) fái sömu kjör og launþegar Rio Tinto Alcan í Straumsvík.

„Þetta er krafan, sem ég vil kalla leiðréttingu. Það er eðlilegt að kjör í sambærilegum iðnaði séu hin sömu. En það munar tugum þúsunda," segir Vilhjálmur Birgisson, formaður félagsins.

Vilhjálmur segir aðspurður að launakjör hjá einu fyrirtæki komi ekki endilega öðrum fyrirtækjum við: „En það kemur launþegunum við. Þegar menn eru að móta kröfur bera þeir sig saman við sambærilega hópa."

VILHJÁLMUR BIRGISSON

Þegar erlendir eignaraðilar fái aðgang að ódýrri raforku og mannauðnum sé það „algjör skylda okkar að reyna að ná sem mestu út úr því. Ef Alcan í Straumsvík getur borgað þessi laun sé ég engar forsendur fyrir því að ekki sé hægt að gera það sama hjá Norðuráli".

Norðurál verði að taka mið af ástandinu í samfélaginu. „Hér er vandanum öllum varpað út í verðlagið og því farið að þyngja í hjá fólki," segir Vilhjálmur.

Óþreyju sé farið að gæta í viðræðunum, en samningar runnu út þann 1. janúar. Vilhjálmur vill þó ekki ræða um verkfallsaðgerðir að svo stöddu: „Ég leyfi mér að halda því fram að hægt sé að leysa þetta." Vilhjálmur hittir forsvarsmenn Norðuráls hjá ríkissáttasemjara í dag. - kóþ

Ekkert rætt um Icesave:

Ágreiningur um framhaldið

EFNAHAGSMÁL Ágreiningur er um grundvöll frekari Icesave-viðræðna milli Íslands, Hollands og Bretlands. Því hafa engar viðræður verið boðaðar, þótt einhver óformleg samskipti hafi verið milli þjóðanna.

Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneytinu lagði íslenska samninganefndin fram ákveðnar hugmyndir áður en þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave var haldin. Viðsemjendur nefndarinnar höfnuðu viðræðum á þeim grundvelli. - kóþ

Færeyingar og CTD-veikin:

Mega láta prófa sig í Danmörku

FÆREYJAR Færeyingar búsettir í Danmörku geta nú farið í blóðprufu fyrir CTD-erfðasjúkdómnum, sem er um hundraðfalt algengari í Færeyjum en víðast hvar.

Færeyski Sósíalurinn greinir frá því að þar sem CTD sé lítt þekkt í Danmörku hafi Færeyingar þar í landi hingað til ekki viðeigandi þjónustu vegna sjúkdómsins.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu eiga Færeyingar á Íslandi kost á því að láta skima blóð sitt fyrir veikinni, sem getur verið einkennalaus uns hún leggst á fólk af fullum þunga. - kóþ

Ósæmileg hegðun í Dubai:

Fangelsi fyrir koss á kinn

DUBAI Breskt par hefur áfrýjað fangelsisdómi sem það fékk eftir að það var sakað um kossaflens á veitingastað í Dubai.

Parið var handtekið í nóvember eftir að yfirvöldum barst kvörtun vegna kossa á almannafæri. Þau voru fundin sek um ósæmilega hegðun og önnur brot og voru því dæmd í eins mánaðar fangelsi.

Sjálf segja þau að einungis hafi verið um koss á kinn að ræða og ætla ekki að una dómnum. Áfrýjunin verður tekin fyrir 4. apríl næstkomandi. - rat

JAPAN

Harður skjálfti

Jarðskjálfti skók Japan í gærmorgun. Skjálftinn mældist 6,6 stig á Richter og átti upptök sín um 80 kílómetra undan austurströnd landsins. Ekki höfðu borist fregnir af mannfalli af völdum skjálftans í gærkvöld.

Ríkið hirðir 80 prósent

Verð á áfengi hefur hækkað mikið með falli krónunnar. Þá hefur ríkið hækkað álögurnar verulega og hefur heimild til hækkunar á næsta ári. Um 80 prósent þess sem neytendur greiða fyrir vodkaflösku í ÁTVR rennur í ríkissjóð.

NEYTENDUR Heimavíngerð hefur aukist frá því snemma á síðasta ári á kostnað innflutts áfengis í verslunum ÁTVR.

Skýringin liggur í mikilli verðhækkun á áfengi, bæði af völdum gengishruns krónunnar samfara hækkun á virðisaukaskatti á áfengi úr 24,5 prósentum í 25,5 prósent og tíu prósenta hækkun á áfengisgjaldi um áramótin. Þá bættist við fimmtán prósenta hækkun áfengisgjaldsins í maí í fyrra. Alþingi hefur heimild til að hækka áfengisgjaldið aftur í janúar á næsta ári.

Áfengisgjaldið miðast við áfengisstyrk. Gjaldið er lægra á bjór en vodka og aðra sterka áfenga drykki. Vodki er tiltölulega ódýr í innkaupum. Það skilar sér hins vegar ekki í hilluverði ÁTVR enda áfengisstyrkur vodkans alla jafna um fjörutíu prósent og því hækkar áfengisgjaldið. Líkt og sjá má á myndinni gleypa álögur hins opinbera nær alla vodkaflöskuna.

Áfengisgjald skilaði 6,7 milljörðum króna í ríkiskassann árið 2008 og er áætlað að það hafi numið 7,8 milljörðum króna í fyrra. Þessa dagana er verið að taka saman upplýsingar um áfengissölu. Stefnt er að því að ársskýrsla ÁTVR komi út í lok mánaðar.

Viðmælendur Fréttablaðsins hafa efasemdir um að hærri álögur skili sér í ríkiskassann. Þeir benda á að áfengisverð hafi hækkað í tvígang á síðasta ári og séu vísbendingar um að það geti leitt til aukins smygls á víni auk þess að fleiri búi til sín eigin vín en áður.

Rúmlega tuttugu milljón lítrar af áfengi seldust í fyrra og er það 1,4 prósenta samdráttur milli ára. Einar S. Einarsson framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Vínbúða ÁTVR, segir erfitt að segja til um þróun áfengissölu á árinu.

jonab@frettabladid.is

Svona skiptist verðið á áfenginu



Montecillo Crianza Rauðvín Áfengismagn: 750 ml Áfengisstyrkleiki: 13,5% Árgangur: 2008 Verð: 1.999 kr.

Becks Bjór Áfengismagn: 500 ml Áfengisstyrkleiki: 5% Verð: 349 kr.

Absolut Vodki Áfengismagn: 700 ml Áfengisstyrkleiki: 40% Verð: 4.998 kr.

Meðalverðbreyting milli ára

Áfengistegund	Maí '09	Janúar '10
*Rauðvín 750 ml	1.698	1.999
Bjór 500 ml	269	313
Vodki 700 ml	3.880	4.767

Fleiri gera vínin heima

MAGNÚS AXELSSON

Magnús Axelsson, rekstrar-stjóri og einn eigenda Ámunnar, segir verslunina hafa átt tryggan viðskiptavinahóp um árabil, líka í góðærinu þegar verð á innfluttum flöskuvínum lækkaði mikið. Hann bætir við að löngum hafi verið ódýrara að gera vínin sjálfur en kaupa þau út úr búð. Nú sé munurinn talsverður. Fordóma hafi áður gætt í garð heimagerðra vína. Þeir hafi horfið í tímans rás enda bilið á milli góðra heimagerðra vína og framleiddra í verksmiðju orðið nánast ekki neitt í dag. „Fólk er að búa til góð vín til að njóta þeirra," segir hann og bendir á að helst finni byrjendur í víngerð fyrir muninum. „Þeir byrja stundum að neyta afurðarinnar áður en hún nær toppgæðum. Gott og bragðmikið rauðvín þarf allt frá tveimur og upp í sex mánuði á flöskum. Eftir því sem þau eru geymd lengur verða þau betri," segir hann.

Þrúgur til bruggunar á rauðvíni og hvítvíni kosta frá tæpum tíu þúsund krónum til tæpra tuttugu þúsund króna. Því má ætla að hver flaska af heimagerðu víni kosti frá um 440 til 720 króna.

Lést í bílslysi

Karlmaður á þrítugsaldri lét lífið þegar bíll hans fór út af veginum á Vallavegi, um tíu kílómetra sunnan við Egilsstaði, laust fyrir klukkan átta á laugardagsmorgun.

Maðurinn var einn í bílnum þegar slysið varð. Tildrög slyssins eru til rannsóknar hjá lögreglunni á Egilsstöðum og rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. - fb

BERNANKE BANKASTJÓRI Margir búast við óbreyttum stýrivöxtum í Bandaríkjunum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Spá óbreyttum stýrivöxtum:

Fylgja í fótspor Evrópubúa

BANDARÍKIN, AP Almennt er reiknað með að stýrivöxtum í Bandaríkjunum verði haldið óbreyttum í 0,25 prósentum í vikunni.

Stýrivextir í Bandaríkjunum stóðu hæst í 5,25 prósentum sumarið 2007, eða þar til snarpt vaxtalækkunarskeið hófst í september sama ár líkt og víðar. Stýrivextir í landinu hafa aldrei verið lægri en nú.

Gangi vaxtaspár eftir fetar bandarískri seðlabankinn í fótspor Evrópska seðlabankans og Englandsbanka, sem báðir héldu stýrivöxtum óbreyttum á dögunum. - jab

Mótmælendur í Taílandi vilja að þingið verði leyst upp og efnt til nýrra kosninga:

Vilja Thaksin aftur til valda

BANGKOK, AP Þúsundir mótmælenda komu saman í Bangkok, höfuðborg Taílands í gær. Mótmælendurnir, sem kenndir eru við rauðar skyrtur, vilja að stjórnvöld leysi upp þingið og efni til kosninga. Þannig vonast þeir til að Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra, komist aftur til valda en hann var settur af með hervaldi árið 2006 vegna meintrar spillingar og misbeitingu valds.

Rauðu skyrturnar vilja meina að núverandi forsætisráðherra, Abhisit Vejjajiva, hafi komist ólöglega til valda með aðstoð hersins og gamalla valdastétta sem hafi óttast vinsældir Thaksins, einkum meðal fátækari stétta landsins. Lögreglan áætlaði að meira en hundraðþúsund mótmælendur hefðu safnast saman í borginni en mótmælin fóru friðsamlega fram.

Thaksin talaði til fjöldans gegnum vefmyndavél og hvatti fólk til að halda mótmælunum áfram á friðsamlegum nótum. Abhisit forsætisráðherra lýsti því yfir í útvarpssendingu í gærmorgun að hann hygðist ekki leysa upp þingið og að mótmælin yrðu ekki barin aftur með valdi.

KREFJAST NÝRRA KOSNINGA Mótmælendur í Bangkok vilja fyrrverandi forsætisráðherra Thaksin Shinawatra aftur til valda. NORDICPHOTOS/AFP

Talsverður ótti er í Bangkok við að til átaka komi en mótmæli Rauðu skyrtanna í apríl síðastliðnum enduðu með óeirðum þar sem tveir létust og yfir 120 manns særðust. - rat

Símatilboð Nova snerta við öllum!

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

Vinsælasti snertisíminn

Nokia 5230

Útborgun: 9.990 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

33.990 kr./stgr.

Flottasti snertisíminn

iPhone 3GS

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 9.900 kr. á mán. í 18 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir.

146.990 kr./stgr.

2.000 kr. notkun á mánuði í 18 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

Netið í símann 1 GB/mán. fylgir út 2010!

Ódýrasti snertisíminn

Huawei U7510

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

24.000 kr./stgr.

1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 12.03.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,22	125,82
Sterlingspund	189,82	190,74
Evra	172,60	173,56
Dönsk króna	23,192	23,328
Norsk króna	21,537	21,663
Sænsk króna	17,781	17,885
Japanskt jen	1,3868	1,3950
SDR	192,49	193,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,5494
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðherra segir fjármögnunarfyrirtækin ekki hafa stundað ábyrga lánastarfsemi:

Allir verða að taka byrðar á sig

EFNAHAGSMÁL Fjármögnunarfyrirtækin stunduðu ekki ábyrga lánastarfsemi. Þau verða að taka á sig byrðar eins og allir, að sögn Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra.

Fréttablaðið greindi frá því um helgina að ráðherrann hafi knúið fjármögnunarfyrirtækin fjögur til að afskrifa hluta bílalána en taka sjálf á sig fjárhagslegan skell, með svipuðum hætti og bankarnir, vegna hugsanlegra afskrifta í tengslum við greiðsluaðlögun íbúðalána í fyrrahaust.

Árni Páll segir viðvörunarbjöllur hafa átt að hringja þegar sala á bílum á borð við Range Rover hafi verið meiri hér um tíma en samanlagt í Danmörku og Svíþjóð. Vafi leiki á því hvort fyrirtækin hafi kannað greiðslugetu fólks áður en þau lánuðu til bílakaupanna.

ÁRNI PÁLL Fjármögnunarfyrirtækin verða að taka á sig fjárhagslegar byrðar líkt og bankarnir, segir félagsmálaráðherra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SP Fjármögnun, Avant og Íslandsbanki Fjármögnun eru öll í eigu bankanna en Lýsing heyrir undir Existu. Hætt er við að fyrirtækið geti farið í þrot.

Deutsche Bank er helsti lánardrottinn Lýsingar og tók við stjórn fyrirtækisins eftir hrun bankanna haustið 2008. Fréttastofa Stöðvar 2 sagði um helgina ekki útilokað að bankinn fari í skaðabótamál gegn ríkissjóði verði hann fyrir fjárhagslegum skaða vegna afskrifta á bílalánum. - jab

Norski olíusjóðurinn:

2.805 milljarðar í fasteignakaup

NOREGUR Norski fjármálaráðherrann er að verða einn umsvifamesti fasteignafjárfestir heims.

Til stendur að ráðstafa fimm prósentum af norska olíusjóðnum til alþjóðlegra fasteignaviðskipta. Þetta eru 130 milljarðar norskra króna, 2.805 íslenskir milljarðar.

Aftenposten hefur eftir ráðherranum, Sigbjørn Johnsen, að markmiðið sé að festa fé í varanlegum gæðum. Þannig megi dreifa áhættunni á skynsamlegan hátt. - kóþ

Frjálslyndi flokkurinn:

Guðjón hættir sem formaður

STJÓRNMÁL Formaður Frjálslynda flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, ætlar ekki að gefa kost á sér til formennsku í flokknum á landsþingi flokksins um næstu helgi.

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Guðjón mun þó gefa kost á sér í miðstjórn flokksins og vera þannig áfram virkur í flokknum, að því er segir í tilkynningu frá frjálslyndum.

Guðjón hefur verið formaður flokksins síðan 2003, en var áður félagi í Sjálfstæðisflokknum. - kóþ

Prófkjör D-lista í Árborg:

Eyþór í fyrsta sæti listans

PRÓFKJÖR Eyþór Arnalds hlaut 512 atkvæði í fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokks í sveitar-félaginu Árborg. Alls kusu 948 en á kjörskrá eru 1.512 og var kjörsókn 63 prósent.

EYÞÓR ARNALDS

Í öðru sæti varð Elfa Dögg Þórðardóttir með 652 atkvæði. Í þriðja sæti varð Ari Björn Thorarensen með 345 atkvæði, í fjórða sæti varð Sandra Dís Hafþórsdóttir með 367 atkvæði. Í fimmta sæti varð Gunnar Egilsson með 441 atkvæði og í sjötta sæti varð Kjartan Björnsson með 473 atkvæði. - rat

Uppbygging í óvissu á Hljómalindarreit

Fasteignafélagið Festar ehf. sem hugði á uppbyggingu á Hljómalindarreitnum stendur afar illa. Óvíst er um framhaldið. Fyrirtækið skuldar tæpa tvo milljarða og gæti farið í þrot. Landsbankinn á langstærstu kröfuna á félagið.

SKIPULAGSMÁL Algjör óvissa ríkir um uppbyggingu á Hljómalindarreitnum svokallaða en fasteignafélagið Festar ehf., sem á flestar eignir þar, stendur afar illa. Fyrirtækið skuldaði tæpar 1.800 milljónir króna samkvæmt ársskýrslu 2008 og eigið fé fyrirtækisins var neikvætt um tæpar 700 milljónir króna. Langstærstur hluti skuldanna er við Landsbankann, eða um 1.250 milljónir króna. Stærstur hluti skuldanna er gengistryggður og því má gera ráð fyrir að staða fyrirtækisins sé mun verri nú en í lok árs 2008.

Festar ehf. eru í eigu Benedikts T. Sigurðssonar húsasmíðameistara sem fór mikinn í kaupum á húsnæði á og við Laugaveg árin fyrir efnahagshrun.

Hugmyndir voru uppi um að reisa hótel, verslunar-, veitinga- og þjónusturými á Hljómalindarreitnum. Hjá borgaryfirvöldum liggja fyrir teikningar að nýju skipulagi en nú er óvíst hvað verður.

Benedikt segist hafa verið að vinna í því að leysa vanda Festa ehf. með Landsbankanum. Ekki sé þó komin niðurstaða í málið. Hann segir að fyrirtækið hafi ekki getað staðið í skilum með lán. Spurður hvort hann óttist að missa fyrirtækið segir Benedikt: „Það getur alveg gerst. En það er eitthvað sem er ekki hægt að segja til um á þessari stundu. Við vitum ekki hvað þessi lægð varir lengi en við vitum að fasteignirnar fara ekkert. Þær eru þarna og bankinn er með tryggingu í þeim."

Benedikt segir að í hans huga snúist málið um hvort bankinn hafi þolinmæði til að láta verðfall fasteigna líða yfir og að ráðist verði í framkvæmdir. „Það hafa ekki komið fram neinar aðrar hugmyndir frá bankanum. Það er vissulega ekki áhugavert að fara í svona verkefni í dag en þó vita allir sem hafa komið að því að það mun verða þörf á svona húsnæði í nánustu framtíð því það er mikil niðurníðsla á miðborgarsvæðinu," segir Benedikt.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verið að skoða mál Festa ehf. hjá Landsbanka Íslands og talið að þau muni skýrast innan tveggja mánaða. kristjan@frettabladid.is



HLJÓMALINDARREITURINN Búið er að teikna upp nýjan Hljómalindarreit þar sem er gert ráð fyrir hóteli og þjónustu. Óvíst er hvað gerist nú þar sem Festar gæti verið á leið í þrot.
MYND/ARKITEKTUR.IS

MEÐAL EIGNA FESTA EHF

Laugavegur 17 - 21
Hverfisgata 26 - 34
Smiðjustígur 4 - 6
Klapparstígur 28 - 30

Prófkjör B-lista í Fjarðabyggð:

Jón Björn bar sigur úr býtum

PRÓFKJÖR Jón Björn Hákonarson sigraði í prófkjöri Framsóknarfélags Fjarðabyggðar sem fram fór um helgina. Jón hlaut 368 atkvæði en alls greiddu 593 atkvæði. 582 atkvæði voru gild og 11 ógild.

JÓN BJÖRN HÁKONARSSON

Guðmundur Þorgrímsson lenti í öðru sæti með 212 atkvæði, Eiður Ragnarsson hafnaði í þriðja sætimeð 331 atkvæði, Snjólaug Eyrún Guðmundsdóttir í fjórða sæti með 413 atkvæði, Jósef Auðunn Friðriksson í því fimmta með 419 atkvæði og Svanhvít Aradóttir í því sjötta. Einn frambjóðandi dró framboð sitt til baka og tekur Svanhvít sjötta sætið til að jafna stöðu kynja á listanum. - rat

Eldur í blokk í Hraunbæ:

Mannlaus íbúð mikið skemmd

LÖGREGLUMÁL Allt tiltækt lið slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var kallað að íbúðablokk við Hraunbæ um klukkan hálf tólf á laugardagskvöld eftir að tilkynning barst um eld í íbúð á annarri hæð. Íbúðin var mannlaus og gekk greiðlega að slökkva eldinn. Skemmdir voru engu að síður miklar. Rýma þurfti blokkina og voru strætisvagnar sendir til að veita íbúunum húsaskjól.

Að sögn slökkviliðsins var ein kona flutt á slysadeild með væga reykeitrun. Eldsupptök eru ókunn. Þá urðu einnig miklar skemmdir á sameign af völdum reyks og sóts. - fb

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

LÉTTIR TIL Það verða lítilsháttar él norðaustanlands fyrri hluta dags en svo léttir til þar eins og annars staðar á austanverðu landinu í dag. Vestantil verður skýjað að mestu í dag en úrkomulítið. Á morgun fer hins vegar að rigna sunnan- og vestanlands.



Á MORGUN Strekkingur með S- og V-ströndannars hægari.

MIÐVIKUDAGUR Strekkingur/allhvasst V-til annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	15°
Basel	13°
Berlín	2°
Billund	3°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	20°
London	11°
Mallorca	14°
New York	9°
Orlando	21°
Ósló	0°
París	10°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Það er bara eitt sem er alveg á tæru til 2015

Powerful. Intelligent.

POWEREDGE™ T610

Intel® Xeon® Processor E5504 (2.00 GHz, 4M Cache)

Frábær alhliða netþjónn sem hentar í allan almennan kerfisrekstur
Turn sem hægt er að breyta í 5U Rack þjón
Allt að 8TB diskapláss og 96GB vinnsluminni
Einn eða tveir fjögurra kjarna Intel® Xeon5500 örgjörvar
Tilvalinn netþjónn fyrir sýndarvélar og 64bita stýrikerfi
Tveir straumgjafar

Fimm ára ábyrgð

Öflugur og áreiðanlegur netþjónn frá Dell eykur skilvirkni og tryggir gagnaöryggi fyrirtækisins.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel logo, Xeon, and Xeon Inside are trademarks or registered trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.

Dell EMC AX4-5

Einföld og hentug SAN gagnageymsla. Fáanleg bæði í iSCSI og FC útgáfum. Stækkanleg í 60 diska, SAS eða SATA.

Dell 5130 litalaser prentari

Sennilega hraðvirkasti A4 geislaprentari í lit. Mögnuð prentgæði, áreiðanleiki og hraði.

Dell Poweredge T310

Góður alhliða netþjónn, einn fjögurra kjarna Xeon örgjörvi, tveir eða fjórir Hot Plug diskar. Allt að 32GB vinnsluminni.

Dell Latitude™ E6400

Hönnuð fyrir atvinnulífið til að hámarka afköst, hlaðin nýjungum, áreiðanleg og örugg.

Dell Optiplex 780

Tölvan sem hentar best fyrir atvinnulífið, endingargóð, einföld í umgengni og umsjá.

Dell 23" Pro LCD skjár

Vandaður skjár í góðri stærð með fjölda tengimöguleika.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

EJS 1939 70 2009

JÓNSSON & LE'MACKS • JJ.IS • 1414

KJÖRKASSINN

Hafa hin ýmsu hagsmunasamtök verið sanngjörn í gagnrýni sinni á ríkisstjórnina?

Já	59,9
Nei	40,1

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti félagsmálaráðherra einnig að knýja fram afskriftir á húsnæðislánum?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

VÍSIR

Tveir karlmenn ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnasmygl með flutningaskipi:

Með fjögur kíló af amfetamíni

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tvo menn fyrir að standa saman að innflutningi á tæpum fjórum kílóum af amfetamíni. Þeir ætluðu að selja efnið hér á landi.

Mennirnir sem báðir sitja inni eru um fertugt. Þeir fluttu fíkniefnin til Íslands frá Rotterdam í Hollandi með flutningaskipinu Arnarfelli sem kom til landsins þriðjudaginn 12. janúar.

Mennirnir hittust í nokkur skipti í Reykjavík á seinni hluta ársins 2009. Skipulögðu þeir þá innflutning efnanna. Garðar Héðinn Sigurðsson tók við fíkniefnunum 4. janúar í Breda í Hollandi og hafði þau í vörslu sinni þar til hann flutti þau til Rotterdam þar sem hann afhenti Jónþóri Þórissyni þau daginn eftir. Garðar Héðinn lét Jónþór síðan fá rúmlega 400 þúsund sem greiðslu vegna innflutningsins.

Í FANGELSI Annar maðurinn situr á Litla-Hrauni, hinn í Kópavogsfangelsi.

Jónþór sótti fíkniefnin um borð miðvikudaginn 13. janúar. Fundust þau skömmu síðar innanklæða á honum þar sem hann var staddur við athafnasvæði Samskipa í Sundahöfn í Reykjavík. Eftir að lögregla lagði hald á fíkniefnin var gerviefnum komið fyrir í stað þeirra og að beiðni lögreglu afhenti Jónþór samstarfsmanninum Garðari Héðni gerviefnin eins og til hafði staðið.

- jss

Ungir framsóknarmenn:

Fagna gangi ESB-viðræðna

STJÓRNMÁL Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna (SUF) fagnar því að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu sé í eðlilegum farvegi, eftir að framkvæmdastjórn ESB ákvað að mæla með því að hefja aðildarviðræður.

Svo segir í tilkynningu frá SUF.

Mikilvægt sé að Ísland mæti til viðræðna með reisn, þrátt fyrir Icesave-deiluna. Ekki eigi að gefa eftir í henni vegna umsóknarinnar. Vanda beri til verka, enda um að ræða þróun Evrópusamstarfsins til framtíðar.

- kóþ

SAMFÉLAGSMÁL

Vilja leyfa staðgöngumæður

Rúmlega fimmtíu manns hafa skráð sig í félagið Staðgöngu sem berst fyrir því að staðgöngumæðrun verði lögleidd á Íslandi. Verði það ekki gert eru tvær konur í félaginu staðráðnar í að fara til útlanda með staðgöngumæðrum barna sinna. Stofnendur Staðgöngu þurfa á staðgöngumæðrun að halda til að eignast börn.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í búkollu

Ökumann sakaði ekki þegar eldur kviknaði í stórri vörubifreið, svokallaðri búkollu, við Suðurstrandaveg við Hlíðarvatn um hálf ellefu leytið í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar á Selfossi byrjaði að rjúka úr vélarrými bifreiðarinnar og var vélin mikið brunnin. Er hún líklega ónýt. Slökkvilið Þorlákshafnar réð niðurlögum eldsins.

Prófdómari víki af lögmannanámskeiði

Forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík segir óásættanlegt að eiginmaður forseta lagadeildar Háskóla Íslands sé prófdómari á námskeiði fyrir verðandi héraðsdómslögmenn. Kennari úr HÍ mismuni þátttakendum á námskeiðinu.

MENNTAMÁL Þórður S. Gunnarsson, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík, gagnrýnir harðlega tilhögun námskeiða og prófa sem lögfræðingar taka til að fá réttindi sem héraðsdómslögmenn.

„Forseta lagadeildar Háskóla Íslands er það skiljanlega mikið kappsmál að nemendum deildarinnar gangi vel á hdl.-prófinu svokallaða. Það er því með öllu óásættanlegt og brýtur í bága við vandaða stjórnsýsluhætti og hæfisreglur að eiginmaður deildarforsetans, Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, með fullri virðingu fyrir honum, skuli vera prófdómari á hdl. námskeiðinu," segir Þórður.

Þá segir Þórður að hafa verði í huga í þessu sambandi að prófraunin sem Markús sé prófdómari í sé munnleg. „Það er reyndar sjálfsögð og eðileg krafa að öll prófin á námskeiðinu verði eftirleiðis skrifleg og tekin á prófnúmerum en ekki undir nafni," segir hann.

Að sögn Þórðar hefur verið staðfest að einn af kennurunum á námskeiðinu, sem jafnframt sé kennari við lagadeild HÍ, hafi á undanförnum árum haft fyrir reglu að leggja fyrir nemendur á hdl. námskeiðinu að stórum hluta sömu prófspurningar og hann hefur áður lagt fyrir nemendur í prófum við lagadeild HÍ.

„Af þessum sökum hafa nemendur lagadeildar HÍ haft mun meiri tíma og tækifæri til undirbúnings en nemendur frá öðrum lagadeildum, sem aðeins fá tvo daga til undirbúnings. Þetta er óásættanleg mismunun og reyndar sérstakt athugunarefni hvers vegna þessi framkvæmd hefur verið látin viðgangast," segir Þórður.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á mánudaginn var, virðast tölur frá prófnefnd Lögmannafélags Íslands sýna að lögfræðingar úr Háskóla Íslands standi sig betur á áðurnefndu námskeiði en lögfræðingar úr öðrum háskólum hérlendis. Þórður segir þessar tölur vera mjög villandi og að þeim beri að taka með miklum fyrirvara. Hann bendir á að af 45 lögfræðingum útskrifuðum frá Háskólanum í Reykjavík, sem skráðu sig í hdl. prófið á árunum 2007 til 2009, hafi 38 staðist prófið eða 84,4 prósent.

Þórður segist ekki vera að varpa rýrð á hdl.-námskeiðið í heild. „Ég hygg hins vegar að ég mæli fyrir munn margra þegar ég segi að löngu sé tímabært að endurskoða inntak námskeiðsins og framkvæmd með hliðsjón af því hvaða tilgangi það eigi að þjóna."

gar@frettabladid.is

ÞÓRÐUR S. GUNNARSSON Segir lögfræðinga úr Háskóla Íslands njóta forskots á lögmannanámskeiði því kennari á náskeiðinu noti sömu spurningar og í lagadeild HÍ þar sem hann sé einnig kennari.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta er óásættanleg mismunun og reyndar sérstakt athugunarefni hvers vegna þessi framkvæmd hefur verið látin viðgangast.
>
> **ÞÓRÐUR S. GUNNARSSON**
> FORSETI LAGADEILDAR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK.

Skráning er hafin á síðasta
hjóna og sambúðarnámskeið
vetrarins í Hafnarfjarðarkirkju.

Námskeiðið verður haldið dagana 13. og 20. apríl en þessi námskeið hafa nú verð haldin samfellt frá árinu 1996. Alls hafa á þrettánda þúsund manns tekið þátt í námskeiðunum frá upphafi. Leiðbeinandi er sr.Þóhallur Heimisson. Á námskeiðunum er nú lögð sérstök áhersla á hvernig hægt er að styrkja innviði fjölskyldunnar og samband hjóna á þeim erfiðu tímum sem ganga yfir land og þjóð.

Skráning fer fram á thorhallur33@gmail.com.
Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á hafnarfjardarkirkja.is
Athugið að takmarkaður fjöldi kemst að í hvert skipti.

HAFNARFJARÐARKIRKJA.IS

Þvottavél
WM 14E261DN
á hreint
frábærum kjörum.

Tekur mest 6 kg,
vindur upp í 1400 sn./mín.
Með 15 mínútna þvottakerfi
og íslensku stjórnborði.

Tækifærisdagar
í verslun okkar!

Tækifærisverð:
129.900 kr. stgr.
(Verð áður: 169.900 kr.)

SIEMENS

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

Íslensku tónlistarverðlaunin:voru afhent í sextánda sinn í Íslensku óperunni:

Hjaltalín með bestu plötuna

TÓNLIST Íslensku tónlistarverðlaunin voru veitt í sextánda sinn við hátíðlega athöfn í Íslensku óperunni á laugardagskvöld. Hljómsveitin Hjaltalín var verðlaunuð fyrir poppplötu ársins, Terminal, sem er önnur plata þessarar eftirtektarverðu sveitar. Dúettinn Feldberg, sem er skipaður Einari Tönsberg og Rósu Ísfeld, átti besta lagið, Dreamin´. Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín, var valin rödd ársins og Davíð Þór Jónsson tónlistarflytjandi ársins.

Daníel Bjarnason hlaut tvenn verðlaun, eða fyrir tónverk ársins, Bow to string, og sem höfundur ársins fyrir tónverkin á plötunni Processions.

Jón Nordal, tónskáld og fyrrverandi skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, fékk heiðursverðlaun fyrir sjötíu ára framlag sitt til íslenskrar tónlistar og uppskar hann mikið lófaklapp í salnum.

Sveitin ADHD hlaut verðlaun fyrir bestu djassplötuna og píanókonsertar Haydns í flutningi Eddu Erlendsdóttur og Sinfóníuhljómsveitar Íslands var valin besta platan í flokki sígildrar- og samtímatónlistar. Þá var hljómsveitin Dikta valin vinsælasti flytjandinn, auk þess sem Emilíana Torrini fékk útflutningsverðlaunin. Bjartasta vonin var kjörin hljómsveitin Sudden Weather Change.

- fb

HJALTALÍN Hljómsveitin Hjaltalín var verðlaunuð fyrir bestu poppplötuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HELSTU VERÐLAUN:

- Besta poppplatan - Terminal (Hjaltalín)
- Rödd ársins - Sigríður Thorlacius
- Lag ársins - Dreamin´ (Feldberg)
- Tónlistarflytjandi ársins - Davíð Þór Jónsson
- Tónverk ársins - Bow To String (Daníel Bjarnason)
- Höfundur ársins - Daníel Bjarnason
- Djassplata ársins - AHDH (AHDH)
- Plata ársins í flokki sígildrar- og samtímatónlistar - Haydn píanókonsertar (Edda Erlendsdóttir og Sinfóníuhljómsveit Íslands)
- Heiðursverðlaun - Jón Nordal

10 ára gömul verð!*

aftur til fortíðar

með Eldsmiðjunni

15.-31. mars

*GILDIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

VERÐDÆMI:
10" MARGARITA
Var: 920.-
Nú: 695.-

VERÐDÆMI:
12" MARGARITA
Var: 1.150.-
Nú: 795.-

VERÐDÆMI:
16" MARGARITA
Var: 1.485.-
Nú: 995.-

STOFA 53

3 staðir

562 3838

SUÐURLANDSBRAUT 12 • BRAGAGATA 38A • LAUGAVEGUR 81

PIZZURNAR OKKAR ERU BAKAÐAR VIÐ LOGA AF ÍSLENSKU BIRKI
Eld Smiðjan
• STOFNAÐ 1986 •

VEITINGASTAÐIR Á öllum veitingastöðum Eldsmiðjunnar er hægt að sitja til borðs og njóta veitinga í notalegu umhverfi **HEIMSENDING** Við bjóðum upp á heimsendingu í flest hverfi Reykjavíkur (sjá www.eldsmidjan.is) **TAKE AWAY** þjónusta er að sjálfsögðu á öllum okkar stöðum, einfalt og þægilegt, enda eitt pöntunarnúmer Gott að muna... **562 3838**

Nýr vettvangur lýðræðislegrar umræðu á netinu:

Þingræðum gefnar stjörnur á nýjum vef

TÆKNI Skuggaþing er heiti á nýjum vef sem hefur það að markmiði að vera vettvangur málefnalegrar og lýðræðislegrar umræðu, segir Gunnar Grímsson einn aðstandenda vefsins. Tilgangur Skuggaþings er að örva lýðræðislega umræðu og auka virkni og vægi almennings í stjórnun landsins

Þeir sem skrá sig á vefinn geta valið hvort þeir styðja eða eru á móti einstökum málum og eins hvort rök séu gagnleg eða ekki. Gunnar bendir á að þannig hverfi léleg og ómálefnaleg rök en þau góðu lifi. „Samfélagið á vefnum stjórnar sér þannig sjálft.“

Auk þess að fylgjast með málum sem eru til afgreiðslu á þingi geta þátttakendur sett mál inn sjálfir sem notendur taka þá til umræðu ef áhuginn er fyrir hendi. Slóðin á vefinn er skuggathing.is. **- sbt**



Lítrinn lækkar ekki í bráð

Lítraverð á bensíni hefur hækkað um tuttugu krónur frá áramótum. Styrking krónunnar vegur ekki upp hækkun á heimsmarkaðsverði. Sérfræðingur spáir ekki „rosalegum“ hækkunum á næstunni.

NEYTENDUR Olíufélögin hafa hækkað lítraverð á bensíni um um það bil 20 krónur frá áramótum. Eftir fjögurra króna hækkun á eldsneytisverði á miðvikudag er algengt sjálfsafgreiðsluverð á bensínlítranum 208,2 krónur en dísillítrinn kostar víða 202,9 krónur.

Eldsneytisverð hefur hækkað reglulega frá áramótum, þegar algengt sjálfsafgreiðsluverð á bensíni var 188,2 krónur og dísilolían kostaði 186,9 krónur. Hækkunin kemur þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst nokkuð undanfarið.

Magnús Ásgeirsson, innkaupastjóri eldsneytis hjá N1, segir skýringuna á hækkandi eldsneytisverði mikla hækkun á heimsmarkaðsverði undanfarið. Á síðustu tæpu tveimur vikum hafi heimsmarkaðsverð á bensíni hækkað um átta prósent. Lítilsháttar lækkun nýverið hafi gengið margfalt til baka strax næsta dag.

Spurður hvort búast megi við lækkandi eldsneytisverði á næstunni sagðist Magnús svartsýnn á að það verði þróunin. „Ég myndi kannski ekki spá rosalegum hækkunum á næstunni, en ég er ekki bjartsýnn á að við sjáum lækkanir á næstu vikum,“ segir Magnús.

Hann segir undirliggjandi þrýsting hafa verið á hækkun undanfarið, en ákveðið hafi verið að bíða í lengstu lög með hækkanir í þeirri von að heimsmarkaðsverð lækkaði á ný.

Verri birgðastaða í Bandaríkjunum hefur leitt af sér hækkun á heimsmarkaðsverði á eldsneyti. Þá hefur heimskreppan einnig áhrif, enda halda þeir sem eiga peninga áfram að fjárfesta í hrávörum á borð við eldsneyti og gull í staðinn fyrir að fjárfesta í hlutabréfum. **brjann@frettabladid.is**

ELDSNEYTISVERÐ*

	Bensín	Dísilolía
Atlantsolía	206,60 krónur	201,30 krónur
N1	208,40 krónur	202,90 krónur
Olís	208,20 krónur	202,90 krónur
Orkan	206,50 krónur	201,20 krónur
ÓB	206,60 krónur	201,30 krónur
Skeljungur	208,20 krónur	202,90 krónur

*Algengt lítraverð í sjálfsafgreiðslu.
Heimild: GSM Bensín

Mikið um skemmdarverk á Akranesi:

Skemmdu bíla Pólverja

LÖGREGLUMÁL Fimm bílar, allir í eigu Pólverja, voru skemmdir á Akranesi í fyrrinótt. Stungið var á dekk fjögurra bílanna og lakkið rispað á þeim fimmta. Bílunum var lagt víða um bæinn og því ekki talið að um handahófskennda glæp sé að ræða.

Lögreglan á Akranesi hefur ekki áður orðið vör við lögbrot sem þessi gegn Pólverjum í bænum og hvetur þá sem vita hver eða hverjir frömdu skemmdarverkin að hafa samband í síma 444 0111.

Talsverður erill var á Akranesi í fyrrinótt. Auk skemmdarverkanna var karlmaður handtekinn á dansleik á skemmtistaðnum Breiðinni eftir að hann braut glas á höfði annars manns. Árásarmaðurinn var fluttur í fangageymslu en gert var að sárum fórnarlambsins á sjúkrahúsi.

Þá voru þrír teknir höndum, grunaðir um fíkniefnabrot. Á tveimur mannanna fundust fíkniefni. Lögreglumenn stöðvuðu einnig ökumann sem var ölvaður og sviptu hann ökuleyfinu samstundis. **- fb**

Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Ráðstefna á vegum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) haldin þriðjudaginn 16. mars 2010 í Hvammi á Grand Hóteli Reykjavík

Nýjungar í velferðarþjónustu

Dagskrá:

13:00	Setning. **Gísli Páll Pálsson** formaður SFH.
13:10	Ávarp félags- og tryggingamálaráðherra, **Árna Páls Árnasonar**.
13:20	"Ég gæti alveg hugsað mér að borða oftar nætursaltaðan fisk". **Guðbjörg R. Guðmundsdóttir** samskiptafulltrúi Grundar og **Steinunn S. Gísladóttir** forstöðukona í Bæjarási í Ási kynna Eden hugmyndafræðina.
13:50	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. Þjónustumat - Hvað þurfa notendur? **Hrefna K. Óskarsdóttir** iðjuþjálfi og MA í fötlunarfræðum.
14:20	Ný meðferð og endurhæfingarúrræði fyrir langt gengna vímuefnafíkla. **Þórarinn Tyrfingsson** yfirlæknir SÁÁ.
14:50	Streituklínik og atvinnuendurhæfing. **Magna Friður Birnir** hjúkrunarforstjóri HNLFÍ.
15:20	Kaffi.
16:00	Ráðstefnulok.

Ráðstefnustjóri: **Þóra Arnórsdóttir** fréttamaður.
Stuttar **fyrirspurnir leyfðar** á eftir hverju erindi.

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

www.vordur.is

Viðskiptavinir Varðar eru ánægðustu viðskiptavinir íslenskra tryggingafélaga*.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

Borgartúni 25 · 105 Reykjavík · Sími 514 1000

vörður

*Samkvæmt niðurstöðum íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2009.

ÍSLENSKA SÍA.IS VOR 49442 02/10

FRÉTTASKÝRING: Kosning í stjórn og trúnaðarráð VR hafin

Innbyrðis deilur sliga stjórn VR

Mikil ólga er í stjórn VR, stærsta stéttarfélags landsins, nú þegar póstkosning um stjórn og trúnaðarráð stendur fyrir dyrum. Tiltæki fjögurra stjórnarmanna úr samtökunum Nýju Íslandi, að skila á síðustu stundu inn mótframboði við áður samþykktan lista uppstillingarnefndar, hefur vakið hörð viðbrögð félaga þeirra í stjórninni.

Póstkosning um sjö sæti í fimmtán manna stjórn VR og 82 manna trúnaðarráð félagsins hefst í dag og mun standa í tvær vikur. Annars vegar verða þrír stjórnarmenn kosnir í einstaklingskosningu, og hins vegar fjórir stjórnarmenn og trúnaðarráðið í heild í listakosningu, en sá listi sem hlýtur meirihluta atkvæða nær allur kjöri.

Stillti upp lista og bauð fram annan

Fyrir áramót kaus trúnaðarráð VR uppstillingarnefnd til að raða áhugasömum niður á framboðslista og var sá listi samþykktur einróma á nýársfundi félagsins, án athugasemda, mótframboða eða breytingartillagna.

Rúmum tveimur mánuðum síðar, um miðjan febrúar, var hins vegar stofnað til nýs framboðs. Aðstandendur þess eru fjórir stjórnarmenn úr VR sem hafa sterk tengsl við samtökin Nýtt Ísland. Einn þeirra, Bjarki Steingrímsson, átti sæti í uppstillingarnefndinni sem lagði til fyrri framboðslistann og annar, Ragnar Þór Ingólfsson, tilnefndi fulltrúa í nefndina.

Þetta hefur farið illa í aðra stjórnarmenn, sem telja óeðlilegt að fjórmenningarnir – Bjarki, Ragnar, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Bergur Þór Steingrímsson – bjóði fram gegn lista sem sumir þeirra stóðu að. Þá hafa stjórnarmenn rætt það sín á milli að framboðið sé hugsanlega ólögmætt, vegna þess að það hafi þann eina tilgang að ná völdum í félaginu til þess að stuðla að óróa á vinnumarkaði, sundra samtöðunni og grafa undan hagsmunum félagsmanna.

Þá hefur stefna samtakanna Nýs Íslands einnig farið nokkuð fyrir brjóstið á öðrum stjórnarmönnum VR. Þeir lýsa stefnunni sem lýðskrumi og taka undir gagnrýni sem heyrst hefur á meinta alræðishyggju sem sjá megi í stefnuskrá samtakanna.

Nokkrir þeirra sem sæti áttu á fyrri trúnaðarráðslistanum höfðu hug á að færa sig um set yfir á nýja framboðslistann, en kjörnefnd tók fyrir það. Ekki væri hægt að breyta þegar samþykktum framboðslista.

HÓFST MEÐ DEILUM UM GUNNAR Styrinn sem stóð um Gunnar Pál Pálsson í formannsstóli VR í fyrra hefur heldur betur dregið dilk á eftir sér. Nú er stjórn félagsins nánast óstarfhæf vegna klofnings og deilna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eldarnir logað frá hruni

Mjög hefur verið tekist á í VR síðan eftir bankahrun. Rekja má átökin til óánægju með fyrrverandi formann félagsins, Gunnar Pál Pálsson, sem setið hafði í stjórn Kaupþings fyrir hrun og sem stjórnarmaður komið að ýmsum umdeildum ákvörðunum.

Gunnar fékk í kjölfarið tvö mótframboð til formanns. Annað kom frá Lúðvík Lúðvíkssyni, sem nú er einn talsmanna Nýs Íslands. Hann naut stuðnings þess fólks sem nú stendur að mótframboðinu til stjórnar. Það náði kjöri í stjórnina í fyrra undir merkjum L-listans, en Lúðvík, líkt og Gunnar Páll, laut í lægra haldi fyrir Kristni Erni Jóhannessyni, sitjandi formanni.

Síðan hefur ýmislegt gengið á. Ragnar Þór Ingólfsson, einn þeirra sem stendur að mótframboðinu umdeilda, birti í fyrrasumar á bloggsíðu sinni tölvupóstssamskipti svokallaðrar ‚skuggastjórnar', sem samanstóð af fyrrverandi stjórnarmönnum og samherjum Gunnars Páls. Sá hópur gat illa sætt sig við að nýliðarnir í L-listanum, sem nú kenna sig flestir við Nýtt Ísland, hefðu haft sigur í trúnaðarráðskjörinu, og mátti af póstsamskiptunum ráða að fólkið hygðist freista þess að ná undirtökum í félaginu á ný.

Í haust birtust svo upplýsingar í fjölmiðlum um notkun stjórnarmanna í VR á greiðslukortum félagsins og hefur L-listafólkið úr Nýja Íslandi verið sakað um að leka upplýsingunum til að koma höggi á aðra stjórnarmenn.

Vilja ráðast gegn verðtryggingunni

Afnám verðtryggingar er eitt helsta stefnumál þess arms í VR sem spyrtur hefur verið við Nýtt Ísland. Sá hópur hefur í kjölfar yfirlýsingarinnar um mótframboðið verið ötull í gagnrýni sinni á linkind félagsins og stjórnarmanna þess í garð stjórnvalda og Alþýðusambandsins. Gagnrýnin hefur ekki síst beinst að tveimur fyrrverandi samherjum þeirra; Ágústi Guðbjartssyni og Ástu Rut Jónasdóttur, varaformanni VR. Bæði náðu þau kjöri með L-listanum en hafa síðan gengið af trúnni.

Gagnrýnin snýr meðal annars að því að þau, líkt og formaðurinn Kristinn Örn, hafi ekki viljað skrifa undir áskorun til stjórnvalda um afnám verðtryggingar, sem og því að Ágúst hafi látið af harðri andstöðu sinni við ASÍ eftir að honum var boðið sæti í miðstjórn sambandsins.

Deilurnar lama stjórnina

Langvinnur kryturinn hefur dregið mjög tennurnar úr starfi félagsins að sögn þeirra sem til þekkja. Þannig hafi stór hluti stjórnarfunda undanfarið ár mestmegnis gengið út á innbyrðis deilur. Eins og áður segir fæst botn í það eftir tvær vikur hverjir hafa betur í baráttunni.

FRÉTTASKÝRING
STÍGUR HELGASON
stigur@frettabladid.is

LANGSTÆRSTA STÉTTARFÉLAG LANDSINS

VR – sem í dag stendur fyrir ‚Virðing, réttlæti' – er málsvari um 27 þúsund launþega í verslunarstétt, og er langfjölmennasta stéttarfélag landsins. Efling, sem er næstfjölmennast, hefur um helmingi færri félaga.

Félagið var stofnað árið 1891 og hét Verzlunarmannafélag Reykjavíkur þar til árið 2006, þegar nafninu var breytt í VR.

Okkar hlutverk er að gera Škoda e

100% þjónustulán án vaxta | Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Sérstök hraðþjónusta í boði

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Talibanar senda Bandaríkjamönnum viðvörun:

Að minnsta kosti 35 féllu í sprengjuárásum

AFGANISTAN Að minnsta kosti 35 biðu bana í sprengjuárásum í Kandahar í Afganistan í fyrradag. Talsmaður Talibana lýsti því yfir í gær að árásirnar hefðu verið aðvörun til Bandaríkjanna og bandamanna þeirra í NATO. Árásunum væri ætlað að koma í veg fyrir að Bandaríkjamenn og bandamenn ykju við liðsstyrk sinn á svæðinu.

STANLEY MCCHRYSTAL

Stanley McChrystal, hershöfðingi í Bandaríkjaher, lét hafa eftir sér á dögunum að sókn gegn Talibönum væri í undirbúningi en Kandahar er þeirra sterkasta vígi.

„Við vorum að svara McChrystal hershöfðingja," sagði talsmaður Talibana og bætti við að þeir gætu gert árásir hvar sem er og hvenær sem er.

- rat

Nýtt framboð í Flóahreppi vill klára skipulagsmálin:

Ætla að berjast gegn Urriðafossvirkjun

SUÐURLAND Unnið er að stofnun nýs framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar í Flóahreppi. Samhljómur er í hópnum um að klára skipulagsmál hreppsins sem fyrst, og berjast gegn Urriðafossvirkjun.

„Þessi hópur fólks á það sameiginlegt að vilja stuðla að bættu samfélagi í Flóahreppi," segir Almar Sigurðsson. Framboðið gæti leitt til þess að virkjunarmál verði stærsta kosningamálið í í vor.

Almar segir hópinn sem standi að nýju framboði ekki tengdan stjórnmálaflokkum eða hagsmunasamtökum. Kosið var milli tveggja ópólitískra lista í síðustu kosningum. Sveitarstjórnin öll hefur stutt áform um virkjun Þjórsár við Urriðafoss, þrátt fyrir að meirihluti kosningabærra manna hafi lýst sig andsnúinn virkjununum.

Almar segir stefnumál nýs framboðs ekki fullmótuð. Á undirbúningsfundi hafi verið mikill áhugi á að ljúka skipulagsmálum sem fyrst, en án þess að Urriðafossvirkjun verði á aðalskipulagi, eins og sitjandi sveitastjórn áformi. Þá sé mikil áhersla á að koma vatnsmálum í hreppnum í lag, en vatnsskortur hefur plagað hreppinn síðustu sumur.

URRIÐAFOSS Sveitarstjórnarkosningar í Flóahreppi í vor gætu snúist að miklu leyti um hvort virkja eigi Urriðafoss.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- bj

Fullt af lágum fargjöldum liggja í loftinu!

Bókaðu fyrir 22. mars á flysas.is

Reykjavík ↔	frá (fram og tilbaka)	Reykjavík ↔	frá (fram og tilbaka)
Oslo	kr. 26,800	Tokyo*	kr. 108,100
Stavanger	kr. 37,900	Bangkok*	kr. 107,200
Beijing*	kr. 106,200		

…einnig lág fargjöld til allra áfangastaða í Noregi

Þegar flogið er með SAS
Engin falin þjónustugjöld
20kg farangur innifalinn
Netinnritun án aukakostnaðar
Eurobonus punktasöfnun
25% barnaafsláttur

flysas.is

SAS Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER

*Flugið frá Reykjavík til Kaupmannahafnar er flogið af Icelandair, þegar um flug til Tokyo, Beijing og Bangkok er um að ræða. Öll fargjöld eru fram og tilbaka, með fyrirvara um gengisbreytingar. Fyrstur kemur fyrstur fær. Athugið reglur og skilmála. Ferðatímabil; **Til Asíu**: 15apríl–13júní. **Til Noregs**: 15apríl–13júní og 09ágúst–31ágúst. Staðfest verð þann 1.mars 2010.



nn hagkvæmari

Þú getur treyst því að við gerum betur við Škoda

Maggi og félagar á þjónustuverkstæðinu tryggja að Škoda er ekki aðeins hagkvæmur kostur í akstri. Þú heldur áfram að spara þegar kemur að þjónustu, eftirliti og viðhaldi, því þú færð ókeypis forgreiningu og varahluti á hagstæðu verði. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Skipulögð glæpastarfsemi er staðreynd. Stjórnmálamennirnir verða að bregðast rétt við.

Opnið augun

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Á Íslandi þrífst skipulögð glæpastarfsemi. Það er staðreynd, sem ekki þarf lengur að deila um. Í fréttaskýringu í helgarblaði Fréttablaðsins var fjallað um þann heim, sem hér er orðinn til, þar sem konum er haldið í kynlífsþrælkun, fólk er ánauðugt í vinnu, menn eru fluttir til Íslands gagngert til að brjóta af sér, fórnarlömbum og hugsanlegum vitnum er hótað og grófu ofbeldi er beitt.

Lögreglan hefur staðið sig vel í baráttunni við skipulögð glæpasamtök, sem teygja anga sína hingað. Í mansalsmálinu, þar sem dómur var felldur í síðustu viku, beittu lögregluyfirvöld nýjum aðferðum. Nauðsynlegt þótti að tryggja vitnum og fórnarlömbum sérstaka vernd. Unnið var hættumat á vegum greiningardeildar Ríkislögreglustjóra, sem löngu hefur sannað gildi sitt. Gott samstarf var við lögregluyfirvöld í Litháen og víðar, sem stuðlaði að því að upplýsa málið og að mansalsmennirnir fengju sinn dóm.

Lögreglan þarf hins vegar ríkari heimildir til að taka á skipulagðri glæpastarfsemi. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra nefndi í Fréttablaðinu tvennt. Annars vegar eru svokallaðar forvirkar rannsóknarheimildir, sem heimila að hafin sé rannsókn og jafnvel fylgzt með tilteknum einstaklingum án þess að þeir séu grunaðir um tiltekið afbrot. Lögregluyfirvöld í langflestum nágrannalöndum okkar hafa þessar heimildir, en þær eru þar háðar ströngu eftirliti bæði dómsvaldsins og löggjafarvaldsins. Hins vegar vill ráðherra láta kanna hvort hægt sé að beita ákvæði stjórnarskrárinnar um að leysa megi upp félög með ólögmætan tilgang gegn samtökum á borð við Vítisengla.

Ragna segir að lögregluyfirvöld séu vel meðvituð um að berjast þurfi gegn skipulögðum glæpasamtökum. „En það þarf að fræða bæði stjórnmálamenn og almenning betur um það sem er að gerast því að fæstir verða sem betur fer varir við þessa hluti í sínu daglega lífi. Dómsmálaráðuneytið og lögreglan geta ekki verið ein í þessari baráttu," segir dómsmálaráðherrann.

Full ástæða er til að samráðherrar Rögnu Árnadóttur í ríkisstjórninni hlusti á þessi orð og taki þau til sín. Það eru nefnilega helzt núverandi stjórnarflokkar sem á undanförnum árum hafa beitt sér gegn því að lögreglan fái í hendur þau tæki, sem hún þarf til að geta tekið á andstyggilegum glæpamönnum á borð við þá, sem héldu litháísku stúlkunni í kynlífsþrældómi.

Þegar rætt var um auknar heimildir lögreglu og stofnun greiningardeildar Ríkislögreglustjóra á Alþingi fyrir nokkrum árum voru Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson þannig í hópi þeirra þingmanna, sem harðast mæltu gegn slíkum breytingum og töluðu um „leyniþjónustu" og „njósnastarfsemi".

Vonandi hafa menn síðan séð hverju stofnun greiningardeildarinnar hefur skilað, til dæmis í mansalsmálinu. Og vonandi nær dómsmálaráðherrann nú árangri í uppfræðslu félaga sinna í stjórnarliðinu, þannig að þeir opni augun gagnvart þeim vanda, sem við er að etja og vinni með dómsmálaráðuneytinu og lögreglunni að því að bregðast rétt við.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Andvaraleysi

Nokkrir fulltrúar byggingariðnaðarins voru gestir í útvarpsþættinum Sprengisandi í gær. Þeir voru ekki hressir. Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, átaldi til dæmis samfélagið fyrir andvaraleysi gagnvart samdrætti í byggingariðnaði; hann væri nú ekki nema um einn þriðji af því sem áður var. Í sama þætti gerði Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Samiðnar, lítið úr offramboði á íbúðamarkaði og sagði ungt fólk ekki geta komið þaki yfir höfuðið við núverandi aðstæður. Lagði hann til að íbúðalán yrðu hækkuð í 80 prósent til að koma hjólunum aftur að stað.

Bólan

Þetta er kunnulegt stef. Fyrir alþingiskosningarnar 2003 hét Framsóknarflokkurinn því að hækka lánshlutfall Íbúðalánasjóðs upp í 90 prósent, kæmist hann til valda. Svona til að koma hjólunum af stað. Það gekk eftir. Í kjölfarið blönduðu bankarnir sér í leikinn á fasteignamarkaði.

Blásum í hana aftur

Áhrifin létu ekki á sér standa. Það myndaðist fasteignabóla á Íslandi. Hver sem var gat tekið lán og keypt íbúð. Íbúðaverð margfaldaðist; aldrei hafði verið jafn dýrt að koma þaki yfir höfuðið og eignamyndunin var örhæg. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tóku upp sukkstefnu í lóðamálum. Byggingargeirinn blés út og hver einasti sótraftur var dreginn á sjó. Hversu margar fréttir hafa verið sagðar af fúskurum sem byggðu heilu blokkarstæðurnar á mettíma, með skökk gólf og sprungna veggi? Að lokum gerði bólan það sem bólur gera og sprakk. Samt eru þeir til sem tala kinnroðalaust fyrir því að blása lífi í hana aftur. Og það í krafti skaðans sem hún upphaflega olli.

bergsteinn@frettabladid.is

Hæfileikamaðurinn

EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Launafólk

Ég var einu sinni sem oftar að hlýða á hádegisfréttir í frönsku útvarpsstöðinni „France-Inter", og þá kom þar skyndilega fram á öldur ljósvakans háðfugl sem túlkaði atburði líðandi stundar með sínum sérstaka hætti.

„Í dag eru tvær stórar fréttir," sagði hann, „og er önnur góð en hin slæm. Við byrjum á vondu fréttinni. Skýrt hefur verið frá því að nú séu sex hundruð þúsund atvinnuleysingjar komnir á leiðarlok og búnir að missa öll réttindi til atvinnuleysisbóta. Hér eftir fá þeir sem sé ekki neitt, nix, ekki falskan tíeyring með gati. En þá er það góða fréttin. Henri Proglio, sem hefur verið forstjóri vatnsveitunnar Veolia en á nú að taka við forstjóraembætti Rafveitunnar mun fá leyfi til að halda fyrra embættinu áfram ásamt með hinu síðara og þiggur hann laun fyrir hvort tveggja, sem sé alls tvær miljónir evra á ári."

Fyrir íslenska lesendur er kannske rétt að skýra þetta eilítið áður en lengra er haldið. Í Frakklandi eiga menn ekki rétt á fullum atvinnuleysisbótum nema ákveðinn tíma, eftir það falla þær burt og þá er einungis gaukað að mönnum einhverju óverulegu smælki svo þeir detti ekki beinlínis út úr samfélagi manna. Samt gera þeir það oft á tíðum. Þetta gildir þó einungis um þá sem voru í fastri vinnu í ákveðinn tíma áður en þeir urðu atvinnulausir og borguðu tilsett tryggingagjöld, en ekki um hina sem höfðu ekki unnið nema skamman tíma, kannske fyrir ærsku sakir, voru í stopulli og breytilegri vinnu, eða á „tímabundnum vinnusamningum" eins og sagt er, þeir fá ekki einu sinni þetta óverulega smælki, þeir eru bara settir umsvifalaust á guð og gaddinn. Og samkvæmt blaðafréttum eru nú sex hundruð þúsund manns í þann veginn að lenda í þessari stöðu. Þeir eiga á hættu að missa allt og verða að flækingum, kannske hafa þeir þá ekki lengur þak yfir höfuðið til að hlusta á hagfræðingana koma í útvarpið og útlista að helsta vandamálið í Frakklandi nú á dögum sé það að atvinnuleysingjar fái of háar bætur, þær letji menn til vinnu. En fréttamenn telja að stjórnin geti lítið gert til að bæta neyð þessara manna, eftir alla aðstoðina við þá banka sem römbuðu á barmi gjaldþrots í fyrra hafi hún ekki fjárhagslegt svigrúm til þess.

Lét hann ráðherra sína verja þessa skipun mála, því hætta væri á því að þessi mikli hæfileikamaður myndi fara til útlanda ef hann væri hýrudreginn, og það mætti aldrei verða.

Um Henri Proglio er það hins vegar að segja að hann var forstjóri hinnar einkavæddu vatnsveitu Veolia sem hefur mikil umsvif, og fékk þar um 450.000 evrur í árslaun. En Sarkozy forseti lagði hart að honum að gerast forstjóri Rafveitunnar sem nú er verið að einkavæða, og var hann í fyrstu tregur, en þegar gengið hafði verið að þeim kröfum hans að hækka forstjóralaunin hjá þessari Rafveitu um rúmlega 45 af hundraði, upp í 1,6 miljónir evra, sló hann til. Og þá varð Sarkozy svo glaður að hann gekk umsvifalaust að þeirri kröfu hans að hann héldi fyrri stöðu og fyrri launum áfram, hefði sem sé rúmlega tvær miljónir á ári. Lét hann ráðherra sína verja þessa skipun mála, því hætta væri á því að þessi mikli hæfileikamaður myndi fara til útlanda ef hann væri hýrudreginn, og það mætti aldrei verða.

En þegar þetta komst í hámæli í Frakklandi varð mikill hvellur í landinu, eins og orð háðfuglsins voru reyndar til vitnis um. Sarkozy varð furðu lostinn, á dauða sínum hafði hann átt von en ekki þessu, en þegar hann gerði sér grein fyrir stöðunni, neyddi hann Henri Proglio að afsala sér launum hjá Veolia, þó svo að hann vermdi forstjórastólinn þar áfram. Honum vildi Proglio hins vegar ekki sleppa, með því að sitja þar áfram sem fastast, jafnvel launalaust, átti hann von á mikilli sporslu þegar hann færi á eftirlaun, menn nefndu nokkrar miljónir evra. En samkvæmt blaðafregnum var hann þó afskaplega sár og beiskur yfir þessari meðferð, hann skildi ekki þá öfund og mannvonsku að setja út á þessi lúsalaun sem hann átti samtals að hafa á tveimur stöðum og voru, að því er hann sagði, mun lægri en ýmsar aðrar toppfígúrur stórfyrirtækja fá í sína vasa. Hann var óþreytandi að rifja upp allt sem hann hefði gert á sínum langa forstjóraferli.

En einn maður skildi hann þó sennilega betur en flestir aðrir, og það var háðfuglinn í France-Inter. Hann benti á að það væri erfitt og erilsamt verk, og verðskuldaði því hæstu laun, að loka fyrir rafmagnið hjá sex hundruð þúsund atvinnuleysingjum sem gætu ekki lengur borgað.

Samstaða

UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson skrifar um samstarf á Alþingi

JÓN GUNNARSSON

Auðvitað á að ríkja meiri samstarfsvilji á milli allra flokka á Alþingi. Það hefur lengi verið skoðun sjálfstæðismanna. Þetta á ekki síst við í Ice Save málinu þar sem sést hefur hverju samstaða getur skilað. Í því máli lýstum við því yfir snemma á síðasta ári að við værum tilbúin til að leggja okkar af mörkum með ríkisstjórninni við lausn málsins. Á það var ekki hlustað og því er staðan eins og hún er. Þetta mál hefur tekið alltof langan tíma í öllu tilliti.

Nú segjast ríkisstjórnarflokkarnir vilja víðtækara samráð um hin ýmsu mál og þá sérstaklega atvinnumál og málefni heimilanna. Í þessum málum hefur ríkisstjórnin sýnt algert getu- og viljaleysi. Þykir einhverjum ákall stjórnarflokkanna trúverðugt? Hefur það samstarf sem t.a.m. atvinnulífið hefur átt við þessa ríkisstjórn skilað einhverjum árangri?

Aðilar vinnumarkaðarins gerðu í fyrra „stöðugleikasáttmála" við ríkisstjórnina. Sáttmálinn lofaði góðu og gaf vonir um frið á vinnumarkaði og að vinna hæfist við uppbyggingu atvinnulífsins og lausn á vanda fjölda heimila. Nú eru þessir aðilar farnir að kalla þennan sáttmála, „kyrrstöðusáttmála", vegna aðgerða-, vilja- og getuleysis ríkisstjórnarinnar. Þolinmæði þeirra er skiljanlega á þrotum. Óeiningin á Alþingi er fyrst og fremst innan stjórnarflokkanna og því fáránlegt að draga stjórnarandstöðuna til ábyrgðar vegna þeirrar erfiðu stöðu sem við blasir. Við höfum ekki annað til „saka" unnið en að gagnrýna slæleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sem er okkar verkefni. Veldur hver á heldur.

Ábyrgð Alþingis er mikil og samvinna og samstaða eru sem aldrei fyrr nauðsynleg til að koma málum áfram. Til þeirra verka erum við sjálfstæðismenn tilbúnir. Til að trúverðugleiki fylgi slíku samstarfi verður það að vera á réttum vettvangi. Ákall þjóðarinnar eftir meiri samstöðu er réttmæt krafa og henni verður eingöngu svarað með þjóðstjórn sem sameinast um brýnar aðgerðir til lausnar vanda atvinnulífs og heimila. Ef ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki tilbúnir til slíks samstarfs sýnir það okkur að þar fylgir hugur ekki máli.

Höfundur er alþingismaður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Auglýsingasími
512 5401

Allt sem þú þarft...

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra pbb@frettabladid.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Þjóðin þarfnast auðlinda sinna

UMRÆÐAN
Karl V. Matthíasson skrifar um sjávarútvegsmál

KARL V. MATTHÍASSON

Ísland þarf á sjómönnum að halda. Þeir eru einn grundvöllur þess að Ísland getið risið úr rústum græðginnar. Framlag íslenskra sjómanna til þjóðarbúsins fyrr og síðar er ómetanlegt. Sjómenn hafa háð harðvítuga baráttu við sjóinn og fyrir kjörum sínum. Slysavarnir, vökulög, tryggingar, jólafrí, reglulegt uppgjör og margt annað kemur upp í hugann. Þó fyrirkomulag útgerðar breytist verða alltaf til sjómenn.

Fiskimið íslensku þjóðarinnar eru ein verðmætasta auðlind okkar. En það nægir ekki einni þjóð að eiga auðlindir ef hún gætir þeirra ekki. Ef fáeinir menn ráða yfir auðlindinni er hætta á aukinni misskiptingu og ranglæti.

Til eru fátæk lönd sem rík eru af auðlindum. Þetta virðist mótsögn en samt er þetta nú svona. Í slíkum löndum nýtur viðkomandi þjóð í litlu auðlinda sinna því þar fara auðhringar með völdin og skeyta ekki í nokkru um hag fólksins, heldur hugsa aðeins um eigin gróða.

Peningaþorsti brenglar fólk svo mikið að gott siðferði gleymist. Við súpum nú seyðið af peningaþorsta og græðgi fárra einstaklinga.

Það er brýnt að setja lög sem aflétta þeirri einokun, samþjöppun og klíkumyndunum sem átt hafa sér stað á síðust áratugum.

Hrunið á að verða okkur til lærdóms og þroska en ekki til þess að græðgi og eigingirni haldi áfram að vaxa í landinu. Bankarnir fóru á hausinn, stór hluti verslunarinnar er í rauninni á hausnum, byggingariðnaðurinn er líka farinn yfir um og skuldir sjávarútvegsins eru mjög miklar og landbúnaðurinn er ekki í vænlegri stöðu.

Hvernig eigum við að endurreisa þetta allt og byggja upp á ný? Gerum við það með því að reyna að koma öllu í fyrra horf af því að við höfum ekki kjark til þess að breyta og af því að meðvirkni og jafnvel spilling er svo mikil?

Til að skapa nýtt þarf hugrekki en ekki ótta. Byrjum á því að breyta stjórnarskránni sem er grundvöllur samfélagsreglnanna. Þar koma lýðræðis- og auðlindamálin fyrst upp í hugann.

Umræðan sem fer nú fram um auðlindamál sjávarins snýst allt of mikið um tæknileg atriði, en ekki hvernig hún geti nýst þjóðinni á sem víðtækastan hátt til atvinnusköpunar, gjaldeyrisöflunar og velferðar.

Minna er rætt um hvernig atvinnufrelsi og möguleikar til nýliðunar í sjávarútvegi eigi að vera. Þess í stað er klifað á því að greinin sjálf verði að bera sig og engu megi breyta því þá sé voðinn vís. Alið er á ótta og skelfingu.

Við verðum að átta okkur á því að sú samþjöppun, frelsisskerðing og einokun í atvinnulífinu sem vaxið hefur á Íslandi í skjóli hagfræðikenninga um frjálsan markað hafa leitt okkur í þær mestu ógöngur sem þjóðin hefur lent í. Var frelsið sem markaðurinn fékk tekið frá einstaklingunum? Eða hvaðan kom það?

Til þess að þjóðir séu frjálsar og til þess að velsæld ríki í löndunum þá verður fólkið sem myndar þjóðina að hafa yfirráð yfir auðlindum sínum og ákveða hvernig þær skuli nýttar öllum til hagsbóta.

Ef auðlindir eru eftirsóknarverðar munu menn ávallt sækja í þær. Og þá er mikilvægt að aðgangurinn að þeim sé veittur af

Hrunið á að verða okkur til lærdóms og þroska en ekki til þess að græðgi og eigingirni haldi áfram að vaxa í landinu.

ríkisvaldinu en ekki auðhringjum sem mynda leiguliðakerfi um þær. Betra er að þjóðin leigi þeim sem nýta vilja á eðlilegu og sanngjörnu verði.

Núverandi stjórnarflokkar lofuðu báðir breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu og hlutu góða kosningu fyrir vikið. Mjög brýnt er að breytingatillögurnar komi sem fyrst fram því allt verður gert til að tefja og bregða fyrir fæti.

Annað er það sem leggur stjórnvöldum skyldur á herðar en það er úrskurður mannréttindanefndar Sameinuðu Þjóðanna um að fiskveiðistjórnarkerfi okkar sé brot á atvinnufrelsi og mannréttindum.

Ég hvet alla landa mína til þess að hugsa alvarlega um það hvernig auðlindir lands og sjávar nýtist okkur sem best til endurreisnar og börnum okkar til góðs í framtíðinni. Milljarðarnir eiga að fara til uppbyggingar landsins en ekki til örfárra einstaklinga.

Höfundur er prestur og fyrrverandi alþingismaður.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

ÞORSTEINN FRÁ HAMRI ER 72 ÁRA Í DAG.



„Fyrst maður tók það fyrir, kornungur maður, að fara að yrkja ljóð þá kemur eiginlega af sjálfu sér að þau verða að tungumálinu manns.“

Þorsteinn frá Hamri er ljóðskáld og rithöfundur.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. MARS 1962

Mesta frost í 44 ár mælist

Á þessum degi árið 1962 mældist frost í Möðrudal á Fjöllum 33 gráður. Var það mesta frost sem mælst hafði síðan frostaveturinn mikla árið 1918 þegar frostið fór niður í 38 gráður á Grímsstöðum á Hólsfjöllum. Skafheiðríkt var á Möðrudal þessa nótt, logn og jörð snævi þakin að sögn Þjóðviljans þann 17. mars sama ár. Sömu nótt var mikið frost víða um land, 30 gráður á Grímsstöðum, 27 á Egilsstöðum og á Akureyri mældist frostið 23 gráður.

Tíminn talaði við Vilhjálm Gunnlaug Jónsson, bónda í Möðrudal, vegna frostfréttarinnar. Hann sagði að menn finndu lítið fyrir kuldanum vegna þess blæjalogns sem væri og allt væri fært.

Á Akureyri var Pollurinn ísilagður og voru minni bátnar frosnir inni og komust ekki úr höfn. Einnig voru skrifaðar fréttir um að Mývatn væri ísilagt og ísinn svo þykkur að bílum hefði verið ekið út á hann.

Hiti hefur aldrei farið niður fyrir 35 gráður eftir 1918 en árið 1998 fór frostið þó ansi nálægt því þegar það mældist 34,7 gráður nærri Neslandatanga við Mývatn. Lægsti hiti sem mælst hefur á ómannaðri veðurstöð á þessari öld er 30,7 stiga frost og á mannaðri veðurstöð mældust mínus 30,5 gráður í Möðrudal 25. janúar 2002.

MERKISATBURÐIR

1905 Bæjarsíminn í Reykjavík er formlega opnaður. Leikið er á fiðlu í símann af tilefninu.

1953 Þjóðvarnarflokkur Íslands er stofnaður. Flokkurinn starfar í áratug.

1956 Söngleikurinn My Fair Lady er frumsýndur á Broadway.

1961 Suður-Afríka segir sig úr Breska samveldinu.

1964 Leikkonan Elísabeth Taylor og leikarinn Richard Burton ganga í hjónaband.

1983 Litlu munar að farþegaþota frá Arnarflugi og herflugvél lendi saman rétt við Vestmannaeyjar.

55 ára afmæli

GaGa Skorrdal

er 55 ára í dag 15. mars.

VÍETNÖMSK-ÍSLENSK OG ÍSLENSK-VÍETNÖMSK ORÐABÓK: KEMUR ÚT Í FYRSTA SKIPTI

Margir beðið eftir bókinni

Víetnömsk-íslensk og íslensk-víetnömsk orðabók kom fyrir stuttu út í fyrsta skipti á Íslandi. Anh Dao Tran ritstýrir bókinni ásamt Valdísi Stefánsdóttur. Anh Dao segir bókina vera mörgum kærkomna.

„Hugmyndin að orðabókinni er upphaflega komin frá Guðrúnu Halldórsdóttur, fyrrverandi forstöðukonu Námsflokka Reykjavíkur, sem vildi gefa út orðabók til að auðvelda Víetnömum á Íslandi að læra íslensku. Fyrstu orðin sem unnin voru í bókina voru úr víetnömskum-norskum orðalista sem við þýddum svo yfir á íslensku en heilmargt og margra ára vinna, hefur bæst við síðan þá,“ segir Anh Dao. Valdís og Anh Tran unnu saman að orðunum úr íslensku yfir í víetnömsku en Anh Tran vann ein listann sem tilheyrir kaflanum úr víetnömsku yfir í íslensku.

„Upphaflega hugmyndin var að gefa bókina út árið 1999, í tilefni þess að tuttugu ár voru liðin frá því að fyrstu Víetnamarnir settust að á Íslandi. Það tókst hins vegar ekki og um tíma fluttist ég til Bandaríkjanna en kom aftur til landsins árið 2001. Þá beið bókin enn hjá Námsflokkunum og svo fór að ég fékk bókina til mín og fór að vinna í henni á ný. Úr varð svo að Björg Árnadóttir, forstöðukona Námsflokka Reykjavíkur á árunum 2005-2008, gerði samning við Iðnú um að þeir tækju bókina í sínar hendur og þannig hélt samstarfið við bókina áfram og Iðnú gefur hana því út núna – í tilefni þess að rúmlega þrjátíu ár eru liðin frá komu Víetnama hingað til lands.“

Bókin er mikið verk og mun meira en orðabók að sögn Anh Dao. „Í bókinni má finna leiðbeiningar um íslenskan framburð með hliðsjón af víetnömskum framburði. Víetmönsk málfræði er líka mjög ólík þeirri íslensku þar sem Víetnamar fallbeygja til að mynda ekki orð, nota bara nútíð og orð þeirra eru bara eins atkvæðis yfirleitt og það lengsta einungis sex stafir. Endanlegur frágangur orðabókarinnar hefur verið tímafrekur og má þar til dæmis nefna að handrða varð orðunum inn í rétta röð stafrófsins þar sem forrit gat ekki unnið slíka vinnu. Einnig varð að finna hugbúnað til að færa víetnömskuna á milli kerfa og þar hjálpaði Geoffrey Pettypiece til og eyddi miklum tíma í að hafa uppi á slíkum búnaði sem og við uppsetningu bókarinnar.“

TÍMAFREKT EN GEFANDI VERK Anh-Dao Tran er annar af höfundum orðabókarinnar og segir verkið hafa verið tímafrekt enda tungumálin afar ólík.

Anh-Dao Tran segir að á Íslandi búi á milli fimm og sex hundruð manns sem eigi rætur sínar að rekja til Víetnam. „Margir hafa spurt um bókina í gegnum tíðina og beðið spenntir þannig að víst er að hún er mörgum fagnaðarefni og útgáfan auðvitað söguleg.“

juliam@frettabladid.is

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Finnbogi K. Eyjólfsson

Sóltúni 13,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 18. mars kl. 13.00.

Guðrún Jónsdóttir
Katrín Finnbogadóttir **Oddur Eiríksson**
Guðrún Oddsdóttir
Ragnar Finnbogason **Lingdi Shao**
Ósk Ragnarsdóttir

†

Hjartans þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföðurs, afa og langafa,

Marinós Ásvaldar Sigurðssonar

fyrrum bónda á Álfgeirsvöllum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Sauðárkróks.

Sigurður Marinósson **Gróa Bjarnadóttir**
Svandís Marinósdóttir **Indriði Stefánsson**
Jórunn Marinósdóttir **Eysteinn Reynisson**
Árný Marinósdóttir **Úlfar Malmquist**
Álfheiður Marinósdóttir **Þórarinn Sigurðsson**
Álfgeir Marinósson **Karín Bæringsdóttir**
afabörn og langafabörn.

†

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Upplýsingar um stærðir og verð, hafið samband í síma 512 5490 - 512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Óskar Þórarinsson

Múlavegi 4, Seyðisfirði,

sem lést á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar miðvikudaginn 10. mars, verður jarðsunginn frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 20. mars kl. 14.00.

Gunna Sigríður Kristjánsdóttir
Sigurbjörg Þórunn Óskarsdóttir **Gísli Ögmundsson**
Inga Jóna Óskarsdóttir **Pálmi S. Steinþórsson**
Sveinn Engilbert Óskarsson
Gestur Þór Óskarsson **Sigríður Ásgeirsdóttir**
barnabörn, barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Ingimar K. Sveinbjörnsson

fyrrverandi flugstjóri,
Þinghólsbraut 70, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þann 12. mars síðastliðinn.

Helga Zoëga
Ólafur Þór Ingimarsson **Agnes Eyþórsdóttir**
Halldóra Ingimarsdóttir **Haukur Margeirsson**
Guðmundur S. Ingimarsson **Inga Rannveig Guðrúnardóttir**
Einar G. Sveinbjörnsson
og barnabörn.

PÁSKARNIR NÁLGAST. Benda má á að eggjaskurn er bráðskemmtilegt föndurefni. Ýmislegt má búa til úr henni, til dæmis kertastjaka. Þá er brotið ofan af egginu, skurnin tæmd, máluð og sett í hana vax og þráður. Egginu er tyllt í eggjabikar og kveikt í. Fyrirtaks skraut á páskaborðið.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

„Það er hægt að skrúfa allt saman og svo sundur aftur," segir Þorsteinn sem hér er á verkstæðinu sínu heima sem er um það bil tveir fermetrar að stærð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tólf volta borvél hentar ekki mínu vaxtarlagi

Allir þurfa að einhverntíma að grípa til smíðaáhalda vegna viðhaldsverka á heimilunum. Sumir eiga meira af þeim en aðrir. Þeirra á meðal Þorsteinn Jónínuson sem titlar sig sérfræðing í símaskránni.

„Það er gott að eiga góðan hamar, góða sög og bítara til að klippa sundur rafmagnsvíra. Svo er frábært að eiga gott skrúfjárnasett og juðari er nauðsynlegur ef maður er í málningarframkvæmdum," byrjar Þorsteinn. Segir þetta allt hluti í eigin eigu. „Eitt það besta er þó að eiga góða batterísborvél. Hún þarf að vera til á öllum heimilum, að ég tel. Ég gæti að minnsta kosti ekki lifað án hennar," segir hann hádramatískur í rómnum. „Ég meina - ef þú átt heima í húsi með veggjum og ætlar að hengja eitthvað á veggina, eða laga eldhúsinnréttinguna af einhverju viti þá þarftu borvél," bendir hann réttilega á. „Svo ef þú ætlar að flota hjá þér baðherbergisgólfið þá geturðu notað borvél til að hræra. Ég hef gert það. Bara rosalega lítið í einu," upplýsir hann og kveðst marga fjöruna hafa sopið í þessum efnum. En hvaða sögu á þessi borvél hans og af hvaða tegund er hún?

„Ég fékk þessa vél fyrir svona þremur árum. Keypti hana sjálfur. Þetta er Hitachi vél með höggi og er bara stórkostleg í alla staði því það er hægt að gera svo margt með henni. Það er hægt að skrúfa allt saman með henni og sundur aftur. Þú getur borað í alla létta steinveggi og meira að segja þunga steypuveggi líka ef farið er varlega. Það er hægt að hræra flot með henni og viðgerðarsteypu í litlum skömmtum ef maður notar spaðann sem fylgir henni. Þannig að notagildið er heilmikið."

Inntur eftir endingu rafhlöðunnar kemur Kristján með dæmi úr daglega lífinu. „Segjum að ég sé að búa til sólpall, þá get ég skrúfað stanslaust frá átta til hálf ellefu. Auðvitað verð ég þá með annað batterí klárt því það er hægt að hlaða þau 14.000 sinnum."

Borvélin hans Kristjáns er 14.4 volt, þrjár amperstundir. „Þetta er iðnaðarvél," útskýrir hann. „Flestar heimilisborvélar eru tólf volta en þær henta bara ekki mínu vaxtarlagi. Ég vil bara hafa alvöru tæki. Hún er svolítið þung þessi en ég er sterkur svo það er allt í lagi."

gun@frettabladid.is

GEZE
Rafdrifnar hurðarpumpur

Rafdrifnar hurðardælur á verði frá kr. 195.900.- með uppsetningu.

JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi

PROFLEX

Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 339.900 - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 349.900 - verð áður 459.000

Fermingartilboð sjá www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

GAMALT HÚSRÁÐ til að losna við ólykt úr ísskáp er að setja tvær til þrjár msk. af matarsóda í opið ílát inn í skápinn. Hann á síðan að draga í sig ólyktina.



Verkin sem skoðuð verða á laugardaginn eru öll eftir konur. Þetta rými er skapað af einni þeirra, Thelmu Björk Friðriksdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hanna Stína Ólafsdóttir hannaði meðal annars veitingastaðinn Dill. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íva Rut Viðarsdóttir er innanhússarkitekt og verður leiðsögumaður í skoðunarferð innanhússarkitekta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Litið inn á íslensk heimili

Óvenjuleg uppákoma á Hönnunarmars, sem hefst í vikunni, er skoðunarferð sem er á dagskrá næsta laugardag. Verk þriggja íslenskra innanhússarkitekta verða skoðuð, þar á meðal tvö íslensk heimili.

Íva Rut Viðarsdóttir innanhússarkitekt er leiðsögumaður ferðalanga sem keyrðir verða í rútu milli staða. Verk þriggja íslenskra innanhússarkitekta verða skoðuð, allt kvenna, Hönnu Stínu Ólafsdóttur, Júlíu Petru Andersen og Thelmu Bjarkar Friðriksdóttur.

„Ferðin hefst hjá Félaginu, sem er miðstöð HönnunarMars í ár, staðsett í stóra turninum við Höfðatún 2 og er samstarfsverkefni Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna- og innanhússarkitekta og Félags íslenskra landslagsarkitekta. Eftir skoðunarferð um svæðið verður lagt af stað í rútu og er það fyrstir koma – fyrstir fá sem gildir," segir Íva Rut en skoðunarferðin hefst klukkan 13.

Fjórir staðir verða skoðaðir og fyrst í röðinni eru skrifstofur Auðar Capital sem Hanna Stína teiknaði, en Hanna nálgaðist skrifstofurýmið með því að gera það heimilislegt og hlýlegt. „Því næst verður farið á tvö heimili, annað teiknað af Thelmu Björk og hitt af Júlíu Petru. Rúm tuttugu ár skilja Thelmu Björk og Júlíu Andreu að í aldri þannig að gaman er að sjá mismunandi áherslur milli kynslóða innanhússarkitekta," segir Íva Rut. Ferðinni lýkur á P-vínbarnum sem einnig er hönnun Hönnu Stínu og áætlað er að ferðin taki rúma tvo klukkutíma.

„Hönnuðirnir munu mæta á þá staði sem tilheyra þeim og ræða rýmið sem þeir sköpuðu og fjalla jafnframt um helstu áherslur í sinni hönnun. Þetta verður því í rauninni eins konar lifandi Innlit-Útlit og mikil upplifun fyrir alla."

juliam@frettabladid.is

Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Er þetta ekki eitthvað fyrir þig?

Mánudagur 15. mars

Hvernig stöndumst við álag - Hvað fær okkur til að pirrast og reiðast yfir smámunum? Tími: 12.30 -14.00.

Prjónahópur - Komdu og prjónaðu. Tími: 13.00 -15.00.

Enskuhópur - Æfðu þig í að tala ensku. Tími: 14.00 -15.00.

EFT og djúpslökun - Innleiddu EFT tæknina (Emotional Freedom Techniques) inn í daglegt líf þitt og umbreyttu heftandi viðhorfum. Tími: 15.00 -17.00.

Skákklúbbur - Komdu og tefldu. Tími: 15.30 -17.00.

Þriðjudagur 16. mars

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson kennir fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00 -14.00.

Íslenskuhópur - Hefur þú lært íslensku en þarft að æfa þig í að tala? Tími: 13.00 -14.00.

Markmiðasetning - að láta draumana rætast - Ingrid frá Þekkingarmiðlun fjallar um leiðir til að láta draumana rætast. Tími: 13.30-14.30.

Vinnum saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) - Vertu með í skapandi hópi atvinnuleitenda. Tími: 14.00-16.00

Baujan sjálfstyrking - Fullt! Tími: 15.00 -17.00.

Skiptifatamarkaður - Barnaföt - Tími: 16.00 -18.00.

Miðvikudagur 17. mars

Inn í hvaða leikrit fæddist þú? - Kolbrún frá Þekkingarmiðlun fjallar um leiksvið lífsins og hvernig við getum aðlagað okkar hlutverk. Tími: 12.30 -13.30.

Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Komdu með fartölvu ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.

Páskahátíðin - Árni Björnsson þjóðháttafræðingur fjallar um hvaðan hinir ýmsu siðir koma. Tími: 14.00 -15.00.

Áhugasviðsgreining - Könnun og fagleg ráðgjöf. Skráning nauðsynleg. Tími: 14.00 -16.00.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur - Sérsniðin lögfræðiráðgjöf og stuðningur við innflytjendur. Tími: 14.00 -16.00.

Briddsklúbbur - Hefur þú gaman af bridds? Langar þig að læra bridds? Tími: 14.00-16.00.

Líðan atvinnuleitenda - Umræður og vinnuhópar Félagsvinir atvinnuleitenda stjórna. Tími: 15.30-16.30.

Fimmtudagur 18. mars

Fluguhnýtingahópur - Komdu með fluguhnýtingastand ef þú getur. Tími: 12:00 -13.30.

Saumasmiðjan - Breytt og bætt. Tími: 13.00-15.00.

Ísgerð - Lærðu að gera gómsætan ís. Tími: 13:30 -15.00

Þýskuhópur - Í þessarri viku ræðum við á þýsku um mat. Tími: 14.00-14.45.

Frönskuhópur - Við æfum okkur í að tala á frönsku um fatnað og liti. Tími: 15:00 -15.45.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagur 19. mars

Art of living - Sunil frá Indlandi kennir öndun, hugleiðslu og listina að lifa í núinu. Tími: 12.30-13.30.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 12.30 -13.30.

Spurningakeppni - Keppt í liðum sem myndast á staðnum. Sýndu hvað þú kannt! Tími: 14.00 -15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

Kökurskreytingar og gleði

KÖKUGERÐ GETUR VERIÐ HREINASTA LIST EF VEL ER GERT. ÞAÐ SÉST BERLEGA Á VERKUM LIZ SHIM HJÁ BANDARÍKSA FYRIRTÆKINU EATCAKEBEMERRY.

EatCakeBeMerry er bandarískt fyrirtæki sem leggur áherslu á hönnun í kökugerð. Frumkvöðullinn Liz Shim uppgötvaði strax á unglingsaldri gleðina við að búa til æta list þegar hún lærði að búa til sykurblóm. Hún nam kökugerðarlist og flutti svo til New York þar sem hún lærði enn frekar af listamönnum í kökuskreytingarfyrir-tækjunum Confetti Cakes og Lovin-Sullivan Cakes. Hugmyndin að baki EatCakeBeMerry er að bæta einfaldri, hreinni hönnun við ljúffengar kökur. Afrakstur-inn má sjá á www.eatcakebemerry.com.

Herra spariskór

Góðir og vandaðir herraskór
úr leðri, skinnfóðraðir
Litur: svart
Stærðir: 40 - 47
Verð: 17.885.-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

Charles Rennie Mackintosh (1868-1928) var skoskur arkitekt og hönnuður. Hann hafði mikil áhrif á borgarmynd Glasgow en hannaði einnig markverð húsgögn.

wikipedia.org.

híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 15. MARS 2010

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sólskálar

Svalalokanir

Svalaskjól

Gluggar

Hurðir

Rennihurðir

-Stofnað 1984-
www.solskalar.is
Sími: 554 4300
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ
GLUGGAR & GARÐHÚS ehf
Reyrhúsgögn

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpan er farin að taka á sig mynd.

Glerhjúpurinn sem Ólafur Elíasson hannaði er eins og púsluspil sem verkamennirnir þurfa að raða saman.

Iðnaðarmenn eru byrjaðir að raða saman glerhjúpnum á suðurhlið hússins.

Stillansar þekja stóra salinn þar sem verktakar eru að koma fyrir ljósakerfi og ýmsu því sem framúrskarandi tónleikasalur þarf að búa yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Harpan skrýdd glerhjúpi

Framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpuna eru í fullum gangi enda þarf að halda vel á spöðunum ef það á að vera tilbúið fyrir næsta vor.

Yfir þrjú hundruð manns vinna við byggingu Hörpunnar.

„Það er búið að steypa upp húsið og grófvinnu er að mestu lokið, fyrir utan glerhjúpinn sjálfan," segir Torfi Hjartarson verkefnastjóri hjá Portus ehf., sem sér um bygginguna Hörpunnar. Glerhjúpurinn, sem hannaður er af listamanninum Ólafi Elíassyni, er þúsundþjalasmíð og þarfnast mikils nosturs. „Búið er að setja upp stóran hluta hjúpsins á norðurhliðinni sem snýr út að sjó og nú er verið að vinna í kubbunum á suðurhliðinni," segir Torfi sem er afar ánægður með úkomuna. „Þetta tekst eins vel og menn gerðu sér vonir um og jafnvel betur."

Rúmlega þrjú hundruð manns vinna nú á byggingarsvæðinu. Þetta eru iðnaðarmenn úr hinum ýmsum geirum auk verkefnastjórnenda. Þá er rekið mötuneyti á svæði Íslenskra aðalverktaka sem fæðir allan skarann í hollum yfir daginn.

En hvað annað er verið að gera í byggingunni? „Unnið er að innri frágangi. Verið er að setja upp veggi, mála, setja loftræstilagnir, raflagnir og þetta klassíska.

Einnig er unnið að því að setja upp sviðslýsingabúnað í sölunum auk hljóð- og samskiptakerfis sem notað er í sýningum," svarar Torfi. Hann bætir við að undirverktaki sé einnig að setja upp ýmsan sviðs- og sýningarbúnað. Til að mynda svokallaða kanópíu eða hljómskjöld, sem hífður er upp og niður fyrir framan sviðið til að stilla hljóðmagnið, auk ýmiss búnaðar sem fylgir honum.

Og hvað er næst á dagskrá? „Nú er verið að keyra upp ganginn fyrir sumarið enda á að opna húsið formlega næsta vor," segir Torfi og býst við að verkamönnum fjölgi eitthvað á næstunni, líklega um fimmtíu ef ekki meira.

- sg

Borið á viðinn snemma dags

Viðarvörn er mörgum ofarlega í huga þegar vorið nálgast og bústaðir, garðhúsgögn pallar og grindverk hafa veðrast. Gott er að ætla sér ekki of mikið og ákveða að taka eitthvað eitt fyrir þetta sumar og annað næsta sumar. Mikilvægt er að leita ráða hjá fagmanni sem mun í byrjun ráðleggja fólki að þrífa viðinn vel og skrapa gamla málningu af áður en grunnolían er borin á. Veðurfar skiptir einnig máli og ekki er hægt að standa í vinnunni í úða eða rigninu og mælt gegn því að vinna fram á kvöld, heldur hætta um tveimur til þremur tímum fyrir sólarlag ef náttfall skildi leggjast á viðinn.

-jma

Mikilvægt er að skoða veðurspána áður en farið er í að bera á viðarvörn eftir veturinn og þá huga einnig að veðurspá næstu nætur.

FASTEIGNIR.IS
11. TBL.
15. MARS 2010
VÍSIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Óskum eftir
sérbýli í Mosfellsbæ
í skiptum fyrir tvær íbúðir.

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

heimili
FASTEIGNASALA

fasteignasalan GARÐUR
S. 562 1200 862 3311
Skipholti 5

Kári Fanndal Guðbrandsson,
Sigrún Sigurpálsdóttir,
lögg. fasteignasali.

TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRATUGI

STAKKAHLÍÐ 17
OPIÐ HÚS frá kl. 17 – 18, íbúð 203



Til sölu gullfalleg, vönduð 3ja herbergja 125,9 fm íbúð á efri hæð í nýlegu fjölbýlishúsi. Íbúðin er rúmgóð stofa, tvö stór herbergi, eldhús, baðherbergi, þvottaherbergi og gangur. Í bílageymslu (innangengt) fylgja tvö stæði. Stór geymsla.
Aðeins fjórar íbúðir í stigagangi. Mjög góður staður.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Húsið við Langagerði er með tveimur aukaíbúðum sem hægt er að leigja út.

Frábært fjölskylduhús

Fasteignasalan Eignamiðlun hefur til sölu vel skipulagt þriggja hæða einbýlishús í Langagerði í Reykjavík.

Húsinu, sem er samtals 302,7 fm, hefur verið vel viðhaldið og er sérstaklega vel staðsett, innst í botnlangagötu og hentar því barnafjölskyldum vel en stutt er í alla almenna þjónustu og skóla. Tvær aukaíbúðir eru í húsinu ásamt bílskúr, með heitu og köldu vatni, rafmagni og hurðaopnara. Hitalagnir eru í stétt. Fallegur garður í rækt er í kringum húsið sem býður upp á mikla möguleika.

Aðalhæðin skiptist í forstofu, tvær stórar stofur með útgengi út á verönd, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og tvö auka svefnherbergi og hol. Gólf og veggir baðherbergis eru klæddir með marmara og í hjónaherbergi eru góðir skápar og innfellt snyrtiborð. Í risi eru tvö herbergi og snyrting ásamt tveggja herbergja ósamþykktri íbúð sem hentar vel til útleigu. Í kjallaranum er einnig ósamþykkt tveggja herbergja íbúð með sérinngangi. Þar er einnig þvottaherbergi, snyrting og nokkrar geymslur.

Parket er á nær allri aðalíbúð og plastparket á aukaíbúðum.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

OPIÐ HÚS Í DAG
frá kl. 17.00 - 18.00

Kvíslartunga 53 - Mosfellsbær
Stílhreint og flott parhús/keðjuhús á tveimur hæðum á miklum útsýnisstað í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, fleiri möguleg, stórar stofur og eldhús, góður bílskúr og mjög stórar svalir með útsýni til allra átta. Húsið er tilbúið til afhendingar, skilast fullbúið að utan og vel rúmlega fokhelt að innan. Áhvílandi er yfirtakanlegt hagstætt lífeyrissjóðslán á 4,9% vöxtum, um 33 m.kr. Skipti skoðuð á minni eign! **Lækkað verð! V. 39,9 m.**

OPIÐ HÚS Í DAG
frá kl. 17.00 - 18.00

Leirvogstunga 7 – Einbýlishús
Fallegt og vel skipulagt 198 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, tvö baðherbergi, fjögur svefnherbergi, geymslu, þvottahús og bílskúr.
V. 43,9 m.

Ódýr raðhús - allt að 90% fjármögnun

Laxatunga 90 - 100 Mosfellsbær

Falleg 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 21 millj. kr. ÍLS lán. Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.

Íbúð	Stærð	Söluverð	Afhending
Laxatunga 90	182,1	SELT	
Laxatunga 92	182,1	SELT	
Laxatunga 94	182,1	29.900.000 kr	Strax
Laxatunga 96	182,1	29.900.000 kr	Strax
Laxatunga 98	182,1	29.900.000 kr	Strax
Laxatunga 100	182,1	SELT	

Laxatunga 116 - 124 Mosfellsbær

Falleg raðhús á einni hæð. Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Húsin eru fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innveggi. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 17,5 millj. kr. ÍLS lán. Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.

Íbúð	Stærð	Söluverð	Afhending
Laxatunga 116	117,0	20.600.000 kr	Strax
Laxatunga 118	119,6	20.600.000 kr	Strax
Laxatunga 120	118,1	SELT	
Laxatunga 122	118,4	20.600.000 kr	Strax
Laxatunga 124	118,1	SELT	

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 18:00

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Óskum eftir 2ja – 3ja herb. þjónustuíbúð fyrir eldri borgara í lyftuhúsi miðsvæðis í Reykjavík.

Sérbýli óskast

Óskum eftir góðu sérbýli í Reykjanesbæ í skiptum fyrir glæsilega 3ja herb. 106,4 fm íbúð í Sjálandi, Garðabæ. Góð milligjöf í boði fyrir rétta eign. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

Stuðlasel.

Vel staðsett 296,2 fm einbýlshús á fjórum pöllum með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist m.a. í rúmgott eldhús með búri innaf, stórt sjónvarpshol, borðstofu með útgangi á verönd til suðurs, rúmgóða stofu með arni, 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Gufubað innaf öðru baðherberginu. **Frábært útsýni úr stofu að Reykjanesi og víðar.Verð 71,9 millj.**

Hlaðhamrar.

Mjög vel skipulagt 138,6 fm raðhús með innb. 35,4 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, stofu, sólskála, sjónvarpsstofu, eldhús, þvottaherbergi, geymslu 3 svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð. Ræktuð lóð og hiti í stéttum fyrir framan hús. **Laust til afhendingar strax. Verðtilboð.**

Bakkagerði.

Fallegt og vel skipulagt um 147 fm einbýlishús sem er kjallari, hæð og ris á þessum eftirsótta stað. 2ja herb. aukaíbúð er í risi. Hús að utan nýlega málað og gler endurnýjað að stórum hluta. **Bílskúrsréttur. Verð 34,9 millj.**

Strandvegur-Sjálandi Garðabæ. 3ja herb.

Vel skipulögð 77,2 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér verönd og sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 2 rúmgóð herbergi. úr hjónaherbergi er útgangur á verönd með skjólveggjum. **Þvottaherb. innan íbúðar. Verð 22,9 millj.**

Drápuhlíð. 4ra herb.

4ra herb. risíbúð í fjórbýlishúsi í Hlíðunum. Aukin lofthæð er í íbúðinni að hluta. Nýlega endurnýjað baðhebergi. **Tvennar franskar svalir út af stofum og sér þvottaherbergi á stigapalli. Verð 18,5 millj.**



Skúlagata- eldri borgarar. Útsýnisíbúð

Falleg og vel skipulögð 63,6 fm útsýnisíbúð með sér stæði í bílageymslu fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Gríðarlegt útsýni til vesturs yfir borgina og að Snæfellsjökli. **Þvottaherb./geymsla innan íbúðar. Verð 21,3 millj.**

Skólabraut- Seltjarnarnesi. Eldri borgarar

Glæsileg 2ja herb. 74,2 fm íbúð á efstu hæð (3. hæð) í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri auk 4,6 fm sér geymslu á hæðinni. Af svölum og úr stofu er mikið útsýni yfir borgina, út á sjóinn og að Reykjanesi. Í húsinu er rekin þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara af Seltjarnarnesbæ. **LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. Verð 21,9 millj.**

Byggðarendi.

Vel staðsett 259,8 fm einbýlishús á tveimur hæðum að meðt. 25,3 fm bílskúr. Eldhús og borðstofa eru tengd saman, eldhús með nýlegri innréttingu, 4 svefnherbergi, stofa með arni hlöðnum úr grágrýti. Mikið útsýni úr stofum. **Eignin er staðsett á fallegum útsýnisstað fyrir ofan Elliðaá. Verðtilboð.**

Leiðhamrar.

280,9 fm tvílyft einbýlishús að meðt. 60,9 fm bílskúr sem skiptist m.a. í eldhús, stofu/borðstofu, 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofu með arni og 2 baðherbergi. Stórar svalir úr stofu og eldhúsi. **Húsið er mjög vel staðsett við óbyggt svæði og nýtur mikils útsýnis frá húsinu yfir sundin og Esjuna. 1.064 fm ræktuð lóð með timburverönd og heitum potti. Verð 71,9 millj.**

Viðarás.

Fallegt og nýlegt einlyft 172,5 fm raðhús að meðtöldum 28,2 fm bílskúr í Selásnum. Stórt eldhús með innréttingu úr kirsuberjaviði og vönduðum tækjum, rúmgóðar stofur þar sem gert er ráð fyrir arni og 4 herbergi. Hiti er í gólfum í hluta hússins. Geymsla innaf bílskúr. **Útgangur á verönd til austurs, suðurs og vesturs úr stofum og eldhúsi. Verð 44,9 millj.**

Ásbraut-Kópavogi. 3ja – 4ra herb. með bílskúr. Laus strax.

Mikið endurnýjuð 3ja - 4ra herb. 85,9 fm. íbúð á efstu hæð auk sér geymslu í kjallara og 25,2 fm bílskúr. Nýleg innrétting í eldhúsi og baðherbergi nýlega tekið í gegn. Flísalagðar suðursvalir út af stofu. **ATH. LÆKKAÐ VERÐ. VERÐ 21,7 MILLJ.**

Norðurbrú-Sjálandi Garðabæ. 3ja herb. með suðurverönd

Sérlega falleg 106,4 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi í Sjálandinu. Rúmgóð og björt stofa með stórum gluggum sem gefa íbúðinni mikinn karakter, eldhús með fallegri innréttingum og rúmgóðum borðkrók, 2 svefnherbergi, þvottaherbergi innaf forstofu og baðherbergi sem er flísalagt í gólf og veggi. Suðurverönd með skjólveggjum. Íbúðinni fylgir stæði í bílskýli. **Íbúðin fæst í skiptum fyrir sérbýli í Reykjanesbæ. Góð milligjöf í boði fyrir rétta eign.**

Suðurlandsbraut. Skrifstofuhæð.

Glæsileg 373,7 fm skrifstofuhæð í lyftuhúsi við Suðurlandsbraut. Hæðin skiptist í 11 afstúkaðar skrifstofur, 2 fundarherbergi, móttöku, eldhús, snyrtingar og setustofu. **Hæðin er öll nýinnréttuð, m.a. gólfefni, innréttingar, baðherbergi, raflagnir o.fl. Nánari uppl. á skrifstofu.**

Suðurlandsbraut – þjónustu-/verslunarhúsnæði til leigu

Til leigu 346,9 fm þjónstu-/verslunarhúsnæði á götuhæð með stórum gluggum og miklu auglýsingagildi. Eignarhlutinn skiptist í tvo stóra sali með snyrtingum innaf, stórt eldhús, skrifstofu og kaffistofu. Lofthæð í húsnæðinu er um 3,0 metrar. Nánari uppl. veittar á skrfstofu.

Efstaleiti- 4ra herb. íbúð. Laus strax.

Glæsileg 127,5 fm íbúð á 2. hæð í þessu eftirsótta húsi „Breiðablik". Stórar stofur með útgengi á stórar svalir til suðurs. 2 góð herbergi og rúmgott eldhús með frönskum glerhurðum inn í stofu uggum. Útsýnis nýtur af svölum. Sér geymsla og sér stæði í bílageymslu. Mikil sameign m.a. sundlaug, gufubað o.fl. **Laus til afhendingar strax. Verð 43,0 millj.**

Freyjugata. Hæð og ris

Endurnýjuð sérhæð með sjarmerandi risi í tvíbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í Þingholtunum. Á hæðinni eru eldhús, stórt baðherb. og 2 herbergi og í risi eru stórt opið rými sem nýtt hefur verið sem borðstofa, stofa og sjónvarpshol. 3 nýlegir veltigluggar á risi. **15,1 fm geymsla á lóð. Verð 19,9 millj.**

Tómasarhagi. Neðri sérhæð

131,6 fm neðri sérhæð ásamt 25,3 fm bílskúr í nýlegu þríbýlishúsi í vesturbænum. Hæðin skiptist í forstofu, eldhús með sérsmíðuðum innréttingum, stofu og borðstofu, 3 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi.**Tvennar svalir til suðurs og norðurs. Verðtilboð**

Ljósheimar. 4ra herb.

Góð 94,6 fm íbúð á 1. hæð auk 4,7 fm geymslu í kj. Rúmgóð stofa og 2 herbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Svalir í vestur. **Sér inngangur af svölum. Verð 19,5 millj.**

Reykás. 4ra herb.

Falleg 113,9 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð auk bílskúrs. Ný endurnýjað eldhús með fallegum hvítum innréttingum, sjónvarpshol, 3 rúmgóð herbergi, stofa með útgangi á suðursvalir og flísalagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. **Hús álklætt að utan. Verð 30,9 millj.**

Lundarbrekka-Kópavogi. 3ja herb. til sölu eða leigu.

Falleg 96,4 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð með sérinngangi af svölum. Eldhús er allt endurnýjað. Stór stofa með útgangi á suðursvalir. Sameiginl. þvottaherb. á hæðinni. **Sérmerkt bílastæði á lóð. Verð 19,5 millj.**

Frostafold. 3ja herb.

Góð 80,5 fm íbúð á efstu hæð, 3. hæð, í litlu fjölbýli í Grafarvogi. Björt stofa með útgengi á suðursvalir. Þvottaaðstaða og geymsla innan íbúðar. **Einnig risloft yfir hluta íbúðar.Verð 19,5 millj.**

Lundur-Kópavogi.

Glæsilegar 118-160 fm 3ja og 4ra herb. íbúðir í vönduðum lyftuhúsum. Vandaðar innréttingar frá Brúnás, tæki í eldhúsum frá AEG. Gólfhiti. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Stæði í bílgeymslu. Húsin er klædd að utan með álklæðningu og Sedrusviði. Byggingaraðili er Byggingarfél. Gylfa og Gunnars. Allar nánari uppl. á skrifstofu.

MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA*

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

Óskar R. Harðarson hdl. og lögg. fasteignasali

Jason Guðmundsson hdl. og lögg. fasteignasali

Ragna S. Óskarsdóttir MBA Löggiltur fasteignasali,

Halldór Ingi Andrésson, lögg. fasteignasali

Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. og lögg. fasteignasali

Hilmar Jónasson sölufulltrúi

Heimir H. Eðvarðsson sölufulltrúi

Elín Viðarsdóttir lögg. fasteignasali

Langalína 2, Garðabæ – 2010 verð!

Opið hús í dag, mánudag kl. 17 – 19

Flottar íbúðir á frábæru verði!

1-0 Johan Elmander (11.), 2-0 Kevin Davies (49.), 3-0 Fabrice Muamba (55.), 4-0 Matthew Taylor (70.). Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton.	
Burnley-Wolves	1-2
0-1 Matthew Jarvis (25.), 0-2 Sjálfsmark (49.), 1-2 Steven Thompson (73.)	
Chelsea-West Ham	4-1
1-0 Alex (16.), 1-1 Scott Parker (30.), 2-1 Didier Drogba (55.), 3-1 Florent Malouda (77.), 4-1 Didier Drogba (90.).	
Stoke-Aston Villa	0-0
Hull-Arsenal	1-2
0-1 Andrei Arshavin (13.), 1-1 Jimmy Bullard, víti (28.), 1-2 Nicklas Bendtner (90.+2)	
Manchester Unted-Fulham	3-0
1-0 Wayne Rooney (46.), 2-0 Wayne Rooney (84.), 3-0 Dimitar Berbatov (89.).	
Sunderland-Manchester City	x-x
1-0 Kenwyne Jones (9.)	

STAÐAN Í DEILDINNI:

Man. United	**30**	**21**	**3**	**6**	**70-24**	**66**
Chelsea	29	20	4	5	69-27	64
Arsenal	**30**	**20**	**4**	**6**	**71-33**	**64**
Tottenham	29	15	7	7	53-28	52
Man. City	**28**	**13**	**11**	**4**	**53-36**	**50**
Liverpool	29	14	6	9	45-29	48
Aston Villa	**27**	**12**	**10**	**5**	**37-21**	**46**
Birmingham	29	12	8	9	30-31	44
Everton	**29**	**11**	**9**	**9**	**46-42**	**42**
Fulham	29	10	8	11	32-32	38
Stoke City	**29**	**8**	**12**	**9**	**28-33**	**36**
Blackburn	29	9	7	13	31-48	34
Bolton	**30**	**8**	**8**	**14**	**36-54**	**32**
Sunderland	29	7	10	12	37-45	31
Wigan	**29**	**7**	**7**	**15**	**27-57**	**28**
West Ham	29	6	9	14	37-49	27
Wolves	**29**	**7**	**6**	**16**	**23-47**	**27**
Burnley	30	6	6	18	31-63	24
Hull City	**29**	**5**	**9**	**15**	**27-61**	**24**
Portsmouth	28	5	4	19	24-47	19

MARKAHÆSTIR Í DEILDINNI:

Wayne Rooney, Manchester United	**25**
Didier Drogba, Chelsea	21
Darren Bent, Sunderland	**18**
Jermain Defoe, Tottenham	17
Carlos Tévez, Manchester City	**15**
Francesc Fabregas, Arsenal	14
Louis Saha, Everton	**13**
Fernando Torres, Liverpool	13

Efstu þrjú liðin unnu öll

Það breyttist ekkert á toppi ensku úrvaldsdeildarinnar um helgina. Wayne Rooney allt í öllu sem fyrr hjá United sem vann Fulham, Didier Drogba skoraði tvö mörk í 4-1 sigri Chelsea á West Ham og Nicklas Bendtner var hetja Arsenal.

FÓTBOLTI Öll efstu liðin í ensku úrvaldsdeildinni unnu sína leiki um helgina. Chelsea burstaði West Ham 4-1 á heimavelli, Arsenal sigraði Hull 1-2 með sigurmarki í uppbótartíma og Manchester United vann öruggan 3-0 sigur á Fulham. Staðan breyttist ekki meðal efstu þriggja liðanna og Tottenham náði auk þess tveggja stiga forskoti á Manchester City í baráttunni um fjórða sætið.

„Ég sagði fyrir löngu að það gæti enginn náð að skora 42 mörk á einu tímabili líkt og Ronaldo gerði en Rooney er kominn með 32 mörk núna og þetta er áskorun fyrir hann," sagði Alex Ferguson, stjóri Manchester United, eftir leikinn í gær.

„Hann er líklegur til að skora í næstu átta leikjum liðsins í deildinni og svo eigum við möguleika á að spila fimm leiki í meistaradeildinni. Það gera þrettán leiki og þú veist aldrei hvað gerist. Ég var ánægður þegar að hann var kominn í 30 mörk en við fögnum þessari markaskorun hans," sagði Ferguson sem er yfir sig ánægður með framherjann.

Chelsea fór létt með West Ham þar sem Didider Drogba og Florent Malouda fóru hamförum í sókninni.

„Við brugðumst vel við í dag. Eftir slakan leik gegn Manchester City þá þurftum að koma til baka og við gerðum það gegn West Ham. Mjög góður leikur hjá okkur," sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, eftir sigurinn í gær.

Arsenal nældu sér í þrjú dýrmæt stig í á lokasekúndum leiksins gegn Hull. Það var Daninn Nicklas Bendtner sem skoraði sigurmarkið en hann hefur verið að spila vel fyrir Arsenal undanfarið.

„Þetta var ekki gott fyrir hjartað mitt en þetta var ekki slæmt fyrir titilbaráttuna. Við gáfum allt í þennan leik. Við náðum ekki að spila okkar besta leik en við héldum áfram allan tímann. Við þurfum öll stigin þrjú og við fengum þau eftir 90 mínútur," sagði Wenger að lokum. Eftir leiki helgarinnar situr United á toppnum en rétt á eftir koma Arsenal og Chelsea með jafnmörg stig en Arsenal er með slakari markatölu en Chelsea.

Grétar Rafn Steinsson og félagar í Bolton voru í stuði um helgina en þeir unnu Wigan sannfærandi 4-0 á heimavelli.

„Þegar að ég tók við Bolton var ég viss um að ég gæti haldið liðinu í úrvaldsdeild. Við erum komnir á rétta braut núna. Þetta snerist allt um að ná þessum þremur stigum. Þetta var mikilvægur sigur og gefur okkur smá tíma til að anda. En það er allt og sumt, nú þurfum við að einbeita okkur að næstu leikjum og hirða öll stig sem eru í boði," sagði Owen Coyle, stjóri Bolton eftir leikinn í gær. - rog

24 MÖRK Í DEILDINNI Wayne Rooney skoraði tvennu í fjórða sinn í síðustu sex leikjum með Manchester United.

TVÖ MÖRK Gylfi Þór Sigurðsson stendur sig vel hjá Reading. MYND/GETTY IMAGES

Enska b-deildin um helgina:

Gylfi nálægt þrennunni

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson skoraði bæði mörk Reading í 2-0 sigri á Bristol City í ensku b-deildinni á laugardaginn.

Gylfi skoraði bæði mörkin í fyrri hálfleik, það fyrra kom með skalla á 12. mínútu og það síðara skoraði hann úr vítaspyrnu á 22. mínútu en Gylfi fiskaði vítið sjálfur.Í seinni hálfleik fékk Gylfi nokkur góð færi til að innsigla þrennuna.

„Gylfi er náttúrulegur markaskorari. Hann er sérstakur leikmaður og hefur mikla hæfileika," sagði Brian McDermott, stjóri Reading, um Gylfa á heimasíðu félagsins. Kári Árnason skoraði einnig um helgina en hann kom Plymouth í 1-0 í 1-1 jafntefli á útivelli á móti Coventry. - óój

Sænska úrvalsdeildin:

Hjálmar skoraði

FÓTBOLTI IFK Gautaborg byrjaði vel í sænsku úrvalsdeildinni um helgina þegar liðið vann 3-0 útisigur á Kalmar í opnunarleik mótsins. Hjálmar Jónsson skoraði þriðja mark IFK Gautaborg á 76. mínútu með skoti af löngu færi en hann lék allan leikinn í vinstri bakverðinum. Theódór Elmar Bjarnason og Ragnar Sigurðsson léku allan leikinn með IFK Gautaborg eins og Hjálmar. - óój

Tilvalin fermingargjöf
Ætfðu eins og þeir bestu!
VITA Sport býður upp á tvo frábæra knattspyrnuskóla í sumar.
Nánari upplýsingar og bókanir: tonsport@vita.is
Knattspyrnuskóli Manchester United
Denstone England
31.júlí – 7. ágúst
Ætfðu hjá einu stærsta félagi heims
Verð: 184.500*
og 15.000 Vildarpunktar
Innifalið: flug, skattar, gisting allan tímann, fullt fæði, allar ferðir á vegum skólans, ferðir til og frá flugvelli,íslensk fararstjórn og öll kennsla og umsjón meðan á dvölinni stendur.
* Verð án Vildarpunkta kr. 194.500
Knattspyrnuskóli Kristjáns Bernburg
Lokerern í Belgíu
24. júlí – 01. ágúst
Gríðarlega vinsæll skóli með mikla reynslu
Verð: 184.500*
og 15.000 Vildarpunktar
Innifalið í verði : Flug, skattar, gisting , fullt fæði, umsjón og kennsla, búningur, ferðir til og frá flugvelli og Íslensk fararstjórn.
* Verð án Vildarpunkta kr. 194.500
ÍSLENSKA SÍA.IS VIT 49556 03/10
vita SPORT
VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

SPORT
besto sætið

KYNNIR MEÐ STOLTI MEISTARADEILD EVRÓPU

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

CHELSEA

Þriðjudag ★★★★★★★★★★★★ V ★★★★★★★★★★★★ kl. 19:30

INTER

Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

ÞRIÐJUDAGUR

19:30	CSKA MOSKVA - SEVILLA	SPORT

MIÐVIKUDAGUR

19:30	STUTTGART - BARCELONA	SPORT
19:30	OLYMPIAKOS - BORDEAUX	SPORT

{ HEIMAVÖLLURINN ÓDÝRARI OG FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA }

ALGJÖRT DAUÐAFÆRI!

ÞÚ FÆRÐ MEIRA FYRIR PENINGINN Á HEIMAVELLI

HEIMAVÖLLUR

Veitingarnar heima hjá þér eru ekki bara ódýrari heldur líka nákvæmlega eins og þú vilt hafa þær.

★★★★★★★★★★★★

5.596 KR

Í STÖÐ 2 VILD

★★★★★★★★★★★★

LÆGRA ÁSKRIFTARVERÐ

ÚTIVÖLLUR

2 BJÓRAR Á BAR	1.700 KR.
1 HAMBORGARI	1.360 KR.
1 FÓTBOLTALEIKUR	
SAMTALS	3.060 KR.*

* Meðalverð hjá þremur sportbörum á höfuðborgarsvæðinu

★★★★★★★★★★★★

12.240 KR

4 LEIKIR Í MÁNUÐI

★★★★★★★★★★★★

4 FERÐIR Á BARINN Á MÁNUÐI

ÞAÐ ÞURFA ALLIR AÐ EIGA SINN HEIMAVÖLL

★★★★★★★★★★★★

ÞOKKALEGT BURST!

★★★★★★★★★★★★

HEIMAVÖLLURINN VINNUR ALLTAF!

ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT Í SÍMA 512-5100

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

MEISTARAR Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir.

Íslandsmótið í Kraftlyftingum:

Auðunn lyfti tonni samtals

KRAFTLYFTINGAR Auðunn Jónsson úr Breiðabliki og María Guðsteinsdóttir úr Ármanni urðu Íslandsmeistarar í kraftlyftingum um helgina, en mótið var nú haldið undir íþrótta- og lyfjaeftirlitslögsögu Kraftlyftinganefndar ÍSÍ og Lyfjaeftirlits ÍSÍ.

Auðunn Jónsson var aðalstjarna Íslandsmótsins 2010 er hann lyfti 390 kílóum í hnébeygju, 265 kílóum í bekkpressu og 345 kílóum í réttstöðulyftu sem er samanlagt 1.000 kíló eða heilt tonn.

María Guðsteinsdóttir setti Íslandsmet í bæði bekkpressu (103 kíló) og réttstöðulyftu (175,5 kíló) en árangur hennar í bekkpressu myndi duga til til verðlauna á alþjóðlegum mótum. María lyfti 431 kg samanlagt

Lið Massa úr Njarðvíkum sigraði í liðakeppninni. Júlían Jóhann Karl Júlíusson úr Ármanni var valinn besti unglingurinn á Íslandsmótinu. **- ógj**

MEISTARAR Elías Snorrason úr KFR og Hekla Helgadóttir úr Þórshamri.

Íslandsmeistaramótið í kata:

Elías og Hekla urðu meistarar

KARATE Elías Snorrason úr KFR og Hekla Helgadóttir úr Þórshamri tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í kata í Hagaskóla í dag. Hekla vann þriðja árið í röð.

Elías Snorrason vann Magnús Kr. Eyjólfsson úr Breiðabliki í úrslitum karla en Hekla Helgadóttir vann Aðalheiði Rósu Harðardóttur frá Akranesi í úrslitum.

Í sveitakeppni kvenna varð Hekla einnig sigurvegari með sveit Þórshamars ásamt Eddu L. Blöndal og Diljá Guðmundsdóttur. Í sveitakeppni karla vann lið Þórshamars en í liðinu voru Tómas Lee Róbertsson, Bjarki Mohrmann og Davíð Örn Halldórsson. **-ógj**

Hamarskonur komnar í 1-0:

Julia og Kristrún öflugar

KÖRFUBOLTI Julia Demirer og Kristrún Sigurjónsdóttir fóru á kostum þegar Hamarskonur unnu 20 stiga sigur á Keflavík, 97-77, í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum Iceland Express deildar kvenna í körfubolta í Hveragerði á laugardaginn.

Julia Demirer var með 25 stig og 16 fráköst og Kristrún Sigurjónsdóttir bætti við 18 stigum, 8 fráköstum og 8 stoðsendingum. Þær voru saman með 23 stig (Kristrún 12, Julia 11) í fyrsta leikhluta sem Hamar vann 25-9.

Það lið kemst í lokaúrslitin um titilinn sem fyrr vinnur þrjá leiki en næsti leikur er í Keflavík á þriðjudaginn. **- ógj**

Breiðablik er fallið úr Iceland Express deild karla í körfu eftir leiki gærkvöldsins:

Stórsigur Snæfells í Njarðvík

KÖRFUBOLTI Snæfellingar fóru á kostum í Ljónagryfjunni í Njarðvík í Iceland Express deild karla í gærkvöldi þegar þeir skoruðu 96 stig á heimamenn og unnu 26 stiga stórsigur, 96-70. Snæfellsliðið lagði grunninn að sigrinum með frábærum fyrri hálfleik sem Hólmararar unnu 57-39 og skoruðu þá 30 stigum meira úr þriggja stiga skotum en heimamenn í Njarðvík.

Þetta var annað stóra tap Njarðvíkinga í röð en þeir töpuðu einnig fyrir Keflavík með sannfærandi hætti á fimmtudagskvöldið. Liðið datt fyrir vikið niður í sjötta sæti deildarinnar og missti bæði Snæfell og lærisveina Teits Örlygssonar upp fyrir sig í stigatöflunni.

Stjörnumenn komu til baka eftir tapið sára á móti KR á föstudagskvöldið og komust einnig upp fyrir Njarðvík með öruggum 96-73 sigri á Hamar í Hveragerði.

Fjölnismenn felldu Breiðablik úr deildinni með því að vinna tólf stiga sigur á Blikum í Smáranum. Breiðablik er fjórum stigum á eftir liðunum í 7. til 10. sæti þegar aðeins tvö stig eru eftir í pottinum.

SJÓÐHEITUR Snæfellingurinn Jón Ólafur Jónsson.

Sigur Stjörnunnar á Hamar þýðir að Hamar er eitt af fjórum liðum deildarinnar sem eru jöfn að stigum með 14 stig í sætum sjö til tíu en liðin í sætum 7 og 8 komast í úrslitakeppnina. Liðin fjögur eru ÍR, Hamar, Tindastóll og Fjölnir. **- ógj**

Við erum með betra lið

Einar Jónsson, þjálfari kvennaliðs Fram, var að vonum svekktur eftir sex marka tap, 15-21, í seinni leiknum á móti Metalurg í Áskorendakeppni Evrópu í gær.

HANDBOLTI Framkonur vita það best sjálfar hversu nálægt þær voru að komast í undanúrslit í Áskorendakeppni Evrópu eftir tvo leiki á móti Makedónska liðinu Metalurg í Skopje um helgina.

Fram vann fyrri leikinn 29-26 en hitti síðan á lélegan dag í seinni leiknum í gær, tapaði með sex marka mun, 15-21, og er því úr leik í keppninni. Fram hefði orðið þriðja íslenska kvennaliðið til þess að komast alla leið í undanúrslitin í Evrópukeppni.

„Þetta var alveg ömurlegt. Þær drápu tempóið og þetta var bara göngubolti. Þær fengu að komast upp með það sem var mjög erfitt að eiga við," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram eftir leikinn.

Metalurg byrjaði leikinn vel og var fljótlega komið fjórum mörkum yfir. Það var lítið skorað í fyrri hálfleik sem þýddi að Framliðið mátti ekki tapa með þremur mörkum því þá færi makedónska liðið áfram á mörkum skoruðum á útivelli. Fyrri leikurinn taldist nefnilega vera heimaleikur Fram.

Fram skoraði tvö síðustu mörk fyrri hálfleiks og minnkaði muninn í tvö mörk en staðan var 8-6 fyrir Metalurg í hálfleik. Metalurg skoraði þrjú mörk í röð um miðjan seinni hálfleik og breytti stöðunni úr 16-14 í 19-14 og þessi slæmi kafli reyndist vera banabiti Framstelpna.

Karen Knútsdóttir minnkaði munninn í 19-15 þegar átta mínútur voru eftir en það reyndist vera síðasta mark Fram í leiknum og Metalurg tryggði sér sæti í undanúrslitunum með því að skora tvö síðustu mörk leiksins.

„Við áttum að vinna þetta í dag því við erum með betra lið. Við áttum að fara áfram að mínu mati en við hittum bara á skelfilegan leik sóknarlega. Það voru lykilleikmenn í liðinu sem voru ekki með," sagði Einar og bætti við:

„Við klúðruðum þessu, því það eru þrír til fjórir leikmenn í liðinu sem eru með samanlagt í kringum 20/0 nýtingu. Báðar skytturnar eru með um 10/0 nýtingu og það er erfitt að vinna leiki þegar svoleiðis er," segir Einar og vonbrigðin voru mikil.

Einar sagði liðið hafa gert vel í fyrri leiknum á laugardaginn. Markvörðurinn Íris Björk Símonardóttir varði mjög vel í báðum leikjum samtals, 44 skot. Stella Sigurðardóttir skoraði átta mörk í fyrri leiknum en komst ekki á blað í þeim síðari.

„Það sem maður er sárastur yfir með fyrri leikinn er að við skyldum ekki hafa unnið þann leik stærra. Við vorum að spila mjög vel og það var miklu meiri hraði í leiknum sem hentaði okkur betur," segir Einar.

„Ég var vongóður með að komast í undanúrslitin en þetta er sennilega okkar slakasti leikur í vetur allavega sóknarlega. Við getum farið að einbeita okkur að þessu eina verkefni sem eftir er, sjálfu Íslandsmótinu. Við þurfum að gera það almennilega og erum vonandi búnar að taka út lélegasta leikinn í vetur," sagði Einar að lokum.

ooj@frettabladid.is

SVART OG HVÍTT Stella Sigurðardóttir var markahæst í fyrri leiknum en sk oraði ekki í þeim síðari.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VONBRIGÐI Einar Jónsson, þjálfari Framliðsins.

Ferrari vann tvöfaldan sigur í Barein-kappakstrinum þegar formúlan hófst í gær:

Alonso byrjar vel með Ferrari

FORMÚLA EITT Ferrari-mennirnir Fernando Alonso og Felipe Massa voru menn dagsins í Barein-kappakstrinum þegar formúlu eitt tímabilið fór af stað í gær.

Þeir félagar tryggðu Ferrari-liðinu tvöfaldan sigur. Sebastian Vettel var á ráspólnum og leiddi kappaksturinn lengstum, en hann lenti í vandræðum með bílinn sinn og endaði að lokum í fjórða sæti á eftir Ferrari-mönnunum tveimur og Lewis Hamilton hjá McLaren sem varð fjórði.

Michael Schumacher endaði í sjötta sæti í sínum fyrsta kappakstri í þrjú ár en hann hækkaði sig um eitt sæti frá ræsingunni og endaði einu sæti á eftir félaga sínum hjá Mercedes, Nico Rosberg.

„Ég hef bara jákvæðar tilfinningar eftir fyrsta kappaksturinn. Við enduðum um það bil þar sem við bjuggumst við," sagði Þjóðverjinn eftir keppnina.

TVÖFALT Ferrari-mennirnir Fernando Alonso og Felipe Massa. MYND/AFP

Báðir voru þeir Fernando Alonso og Felipe Massa að stíga fyrstu skrefin hvor á sinn hátt. Alonso var að keppa í fyrsta sinn fyrir Ferrari eftir tvö vonbrigðaár hjá Renault og þetta var fyrsta keppni Massa síðan að hann slasaðist lífshættulega í Ungverjalandi í júlí á síðasta ári.

„Þetta var mjög sérstakur dagur fyrir mig og það er alltaf einstök tilfinning að fá að standa efstur á verðlaunapallinum. Það er gaman að byrja svona vel með Ferrari þar sem sagan er mikil og pressan engu minni. Ég gat ekki byrjað betur," sagði Fernando Alonso og Felipe Massa var líka í skýjunum með fyrsta kappakstur ársins.

„Við vorum heppnir með að Sebastian Vettel lenti í vandræðum og við komust því fram úr honum. Ég er mjög ánægður með annað sætið og þetta er mjög flott byrjun á tímabilinu fyrir mig," sagði Felipe Massa sem þakkaði guði fyrir að sleppa ómeiddur. **- ógj**

ÚRSLITN Í GÆR

Áskorendakeppni Evrópu

Fram-Metalurg 26-29 (14-13)
Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 8/2, Karen Knútsdóttir 7/5, Ásta Birna Gunnarsdóttir 5, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 5, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Pavla Nevarilova 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1. Íris Björk Símonardóttir varði 24 skot.
Metalurg-Fram 21-15 (8-6)
Mörk Fram: Marthe Sördal 5, Karen 4/1, Ásta Birna 2, Pavla 2 og Sigurbjörg 2. Íris Björk Símonardóttir varði 20 skot, þar af 2 víti.

Iceland Express kvenna

Undanúrslit, leikur 1

Hamar-Keflavík 97-77 (48-42)
Stig Hamars: Julia Demirer 25 (16 frák.), Kristrún Sigurjónsdóttir, 18 (8 fráköst, 8 stoðsendingar) Guðbjörg Sverrisdóttir 18, Koren Schram 11, Fanney Lind Guðmundsdóttir 10 (8 fráköst), Sigrún Ámundadóttir 8 (8 fráköst), Íris Ásgeirsdóttir 4, Hafrún Hálfdánardóttir 3.
Stig Keflavíkur: Kristi Smith 22, Birna Valgarðsdóttir 15, Bryndís Guðmundsdóttir 14, Marín Rós Karlsdóttir 7, Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Rannveig Randversdóttir 6, Hrönn Þorgrímsdóttir 4, Svava Ósk Stefánsdóttir 2.
KRHaukar 78-47 (36-19)
Stigahæstar: Unnur Tara Jónsdóttir 25, Jenny Finora 18 - Heather Ezell 15.

Iceland Express karla

Njarðvík-Snæfell 70-96 (39-57)
Stig NJarðvíkur: Nick Bradford 28 (12 frák.), Jóhann Árni Ólafsson 11, Guðmundur Jónsson 9, Páll Kristinsson 7, Friðrik Stefánsson 5, Egill Jónasson 4, Hjörtur Hrafn Einarsson 3, Kristján Sigurðsson 2, Rúnar Ingi Erlingsson 1.
Stig Snæfells: Jón Ólafur Jónsson 25, Sean Burton 18 (7 stoðs.), Hlynur Bæringsson 15 (15 frák.), Sigurður Þorvaldsson 13, Sveinn Davíðsson 8, Emil Jóhannsson 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 4, Berkis 3, Egill Egilsson 3, Gunnklaugur Smárason 2.
Hamar-Stjarnan 73-96 (28-41)
Stig Hamars: Marvin Valdimarsson 18, Andre Dabney 16, Viðar Örn Hafsteinsson 11, Oddur Ólafsson8, Bjarni Rúnar Lárusson 5, Ragnar Á. Nathanaelsson 4, Svavar Páll Pálsson 3, Hilmar Guðjónsson 3, Páll Helgason 3, Hjalti Valur Þorsteinsson 2.
Stig Stjörnunnar: Djorde Pantelic 20, Jovan Zdravevski 17, Justin Shouse 17, Magnús Helgason 14, Kjartan Atli Kjartansson 10, Guðjón Lárusson 7, Fannar Freyr Helgason 4, Birkir Guðlaugsson 3 Ólafur J. Sigurðsson 2, Birgir Björn Pétursson 2
Breiðablik-Fjölnir 81-93 (35-42)
Stig Breiðabliks: Jonathan Schmidt 29, Jeremy Caldwell 14, Aðalsteinn Pálsson 10, Ágúst Angantýsson7, Þorsteinn Gunnlaugsson 7, Daníel G. Guðmundsson 6, Hjalti Friðriksson 6, Rúnar Pálmarsson 2
Stig Fjölnis: Christopher Smith 25, Tómas Heiðar Tómasson 17, Magni Hafsteinsson 17, Ægir Þór Steinarsson 10, Níels Dungal 8, Sindri Kárason 6, Garðar Sveinbjörnsson 5, Jón Sverrisson 3, Arnþór Freyr Guðmundsson 2.
Stig og röð liða: 1. KR 34, 2. Keflavík 30, 3. Grindavík 30, 4. Snæfell 28, 5. Stjarnan 28, 6. Njarðvík 28, 7. ÍR 14, 8. Hamar 14, 9. Tindastóll 14, 10. Fjölnir 14, 11. Breiðablik 10, 12. FSu 2

N1 deild kvenna

KA/Þór-FH 28-25 (17-13)
Mörk KA/Þór: Arna Valgerður Erlingsdóttir 11, Unnur Ómarsdóttir 5, Martha Hermansdóttir 4, Inga Dís Sigurðardóttir 4, Ásdís Sigurðardóttir 4.
Mörk FH: Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 9, Heiðdís Rún Guðmundsdóttir 7, Birna Íris Helgadóttir 4, Steinunn Snorradóttir 2, Berglind Ó Björgvinsdóttir 2, Ingibjörg Pálmadóttir 1.
HK-Haukar 28-41 (12-23)
Markahæstar: Elín Anna Baldursdóttir 9, Gerður Arinbjarnar 6, Elísa Ósk Viðarsdóttir 3, Elva Björg Arnarsdóttir 3 - Hanna Guðrún Stefánsdóttir 16, Erna Þráinsdóttir 6, Nína Björk Arnfinnsdóttir 5, Ester Óskarsdóttir 3, Ramune Pekarskyte 3.
Víkingur-Stjarnan 17-43 (4-23)
Markahæstar: Guðríður Ósk Jónsdóttir 7, Guðný Halldórsdóttir 4 - Harpa Sif Eyjólfsdóttir 12, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 11, Elisabet Gunnarsdóttir 8, Alina Daniela Tamasan 5.

Lengjubikar karla í fótbolta

Riðill 1: ÍA-Stjarnan 4-4
Ólafur Valur Valdimarsson, Guðjón Heiðar Sveinsson, Eggert Kári Karlsson, Gísli Freyr Brynjarsson - Þorvaldur Árnason, Hilmar Þór Hilmarsson, Steinþór Freyr Þorsteinsson, Viðir Þorvarðarson.
Riðill 1: Grindavík-Þór 3-2
Þorsteinn Ingason, Kristján Magnússon - Orri Freyr Hjaltalín, Jóhann Helgason, Gilles Ondo.
Riðill 1: Fylkir-Njarðvík 0-0
Riðill 3 HK-ÍBV 1-1
Þórður Birgisson - Matt Garner.
Riðill 2 KA-FH 3-3
Andri Fannar Stefánss. 3 - Gunnar Már Guðmundss., Pétur Viðarss., Atli Viðar Björnss.
Riðill 3 KR-Keflavík 3-2
Óskar Örn Hauksson 2, Gunnar Örn Jónsson - Hörður Sveinsson, Guðjón Árni Antoníusson
Riðill 3 ÍR-Grótta x-x

Lengjubikar kvenna í fótb.

Þór/KA-Valur 2-2
Rakel Hönnudóttir, Danka Podovac - Björk Gunnarsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir
Stjarnan-KR 2-2
Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Hugrún Elvarsdóttir - Katrín Ásbjörnsdóttir 2

Hraðpeningar öflugt fyrirtæki á sviði smálána

HRAÐPENINGAR
SMÁLÁN

Skráðu þig á hradpeningar.is

TEKUR ENGA STUND

Sendu SMS í 1917

SÓTT UM LÁN Í SMS - 1917,
Á WWW.HRADPENINGAR.IS EÐA
Í SIMA 511 1917

Greitt strax inn á reikning

TEKUR AÐEINS
ÖRFÁAR MÍNÚTUR

Hjá Hraðpeningum geturðu fengið smálán

Í fyrsta sinn sem þú nýtir þér þjónustuna okkar færðu 10.000 kr. Við hvert skipti eftir það hækkar heimild þín þar til hámarki er náð, 40.000 kr.

Peningana þarftu síðan að endurgreiða innan 15 daga. Viðskiptavinir Hraðpeninga greiða fast þjónustugjald, enga vexti og **engan falinn kostnað.**

Stuðlum að skynsamlegri notkun

Þjónustan er ekki hugsuð sem lausn fyrir fólk í fjárhagsvandræðum heldur lausn fyrir fólk sem er tilbúið að greiða fyrir aukin þægindi. Við hjá Hraðpeningum stuðlum að heilbrigðri lán notkun og ýtum undir það að viðskiptavinir okkar sýni skynsemi.

VERÐSKRÁ

Upphæð	Kostnaður	Samtals
10.000 kr	2.500 kr	12.500 kr
20.000 kr	4.750 kr	24.750 kr
30.000 kr	7.000 kr	37.000 kr
40.000 kr	9.250 kr	49.250 kr

Hver eru skilyrðin?

- Að vera orðin/n lögráða (18 ára)
- Mátt ekki vera á vanskilaskrá

WWW.HRADPENINGAR.IS

Sími þjónustuvers: 511-1917

> Michelle Monaghan

„Það vilja allar leikkonur fá tækifæri til að leika eitthvað annað en fórnarlömb eða konur í vanda.“

Monaghan fer með hlutverk í myndinni The Heartbreak Kid sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.

dagskr

VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR ER FASTEIGNAFÍKILL

Allramesti tímaþjófurinn

Í góðærinu varð ég eins og fleiri landar mínir heltekin af þeirri hugmynd að ég þyrfti að búa í stærra húsnæði en ég geri. Ég leit í kringum mig í íbúðinni minni og fannst algjörlega eins og ég og mín fjölskylda þyrftum meira pláss, annað herbergi, bílskúr. Til að athuga hvernig framboðið væri í íbúðarhæfum hverfum borgarinnar fór ég að skoða fasteignaauglýsingar á netinu, lesa lýsingar á herbergjafjölda og eiginleikum ýmiss konar. Verðið var náttúrulega uppsprengt á þeim tíma, og eignir komu og fóru hraðar en auga á festi.

Ég fylgdist með af athygli, fór að þekkja verðmatið, lærði lingóið, var stundum spennt fyrir einstaka eign en áhuginn á stærri húsakynnum náði þó aldrei svo langt að ég tæki upp símtólið og færi að skoða.

Sambland af framtaksleysi og skynsemi réði því að ekkert varð úr flutningum. Ég vissi að ég ætti ekki gilda sjóði til ráðstöfunar,

og þó að möguleikar á lánum virtust óþrjótandi þá var það ekki svo spennandi tilhugsun að safna meiri skuldum þegar allt kom til alls.

Þessar vangaveltur urðu hins vegar til að vekja fíkn sem að ég hef ekki náð tökum á enn, einu hruni síðar; fíknina að skoða fasteignaauglýsingar á netinu. Ég er sjúklega háð því að fylgjast með nýjustu eignum á fasteignir.is, ég fylgist eins og atvinnumaður með hreyfingum í hverfinu mínu og nágrannahverfum, sumar íbúðir eru orðnar mér fáránlega kunnuglegar því að hef skoðað þær oft, sala fasteigna gengur afar illa um þessar mundir eins og kunnugt er.

Ég hef stundum reynt að ná tökum á þessar áráttu, sagt við sjálfa mig að það væri gáfulegra að verja tímanum í annað, en gengið frekar illa. Það er því tvennt í stöðunni, sætta mig við tímaþjófinn eða stofna sjálfshjálparhópinn fasteignir anonymus og takast á við vandann með öðrum fíklum, ég er vonandi ekki ein!

MÁNUDAGUR

▶ **19.00** KR – Keflavík, beint
STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.45** How I Met Your Mother
STÖÐ 2

▶ **21.40** CSI
SKJÁREINN

▶ **21.50** Réttur
STÖÐ 2 EXTRA

▶ **22.15** Trúður
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Leiðin á HM (3:16) (e)
18.05 Stjarnan hennar Láru (20:22)
18.15 Pósturinn Páll (13:28)
18.30 Eyjan (Øen) (3:18)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.15 Skrefin sex sem tengja (Connected: The Power of Six Degrees) Heimildarmynd um hvernig samkvæmisleikurinn „Kevin Bacon og skrefin sex“ kunni að liggja til grundvallar meiri háttar uppgötvunum á sviði vísindanna.
21.00 Sólkerfið (Space Files) (12:13) Stuttir fræðsluþættir um sólkerfið.
21.15 Sporlaust (Without a Trace) (12:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Starfsmaður á spítala hverfur og hópur stríðsandstæðinga er grunaður um að hafa numið hann á brott.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
▶**22.15 Trúður** (Klovn VI) (10:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.
22.45 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives)(e)
23.30 Spaugstofan (e)
23.55 Kastljós (e)
00.30 Fréttir (e)
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

06.25 The Heartbreak Kid
08.15 The Game Plan
10.00 The Spy who Loved Me
12.05 Nancy Drew
14.00 The Game Plan
16.00 The Spy who Loved Me
18.05 Nancy Drew
20.00 The Heartbreak Kid Rómantísk gamanmynd með Ben Stiller og Michelle Monaghan í aðalhlutverkum.
22.00 Prizzi's Honor
00.05 Secrets of Angels, Demons and Masons
02.00 Lie With Me
04.00 Prizzi's Honor

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Tommi og Jenni, Apaskólinn
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.10 Hæðin (1:9)
11.00 60 mínútur
11.45 Falcon Crest (7:18)
12.35 Nágrannar
13.00 The Sandlot 3
14.45 ET Weekend
15.30 Saddle Club
15.53 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Apaskólinn og Tommi og Jenni.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (25:25)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (7:24) Gamanþáttur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
▶**19.45 How I Met Your Mother** (3:22) Önnur sería gamanþátta um ungt fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.
20.10 American Idol (19:43) Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin á braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres.
20.55 American Idol (20:43)
21.40 American Idol (21:43)
22.25 Supernatural (3:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.
23.05 It's Always Sunny In Philadelphia (12:15)
23.30 Hung (10:10)
00.00 Happy Endings
02.10 The Sandlot 3
03.45 American Idol (20:43)
04.25 American Idol (21:43)
05.10 Two and a Half Men (7:24)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Barcelona - Valencia Útsending frá leik í spænska boltanum.
14.30 World Golf Championship 2010 Útsending frá lokadegi CA Championship mótsins í golfi.
18.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur
▶**19.00 KR - Keflavík** Bein útsending frá leik í Iceland Expressdeildinni í körfubolta.
21.00 Spænsku mörkin 2009-2010 Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
22.00 Bestu leikirnir. KR - Fylkir 17.08.09
22.30 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
23.20 KR - Keflavík Útsending frá leik í Iceland Expressdeildinni í körfubolta.
01.00 Ultimate Fighter - Sería 10 Sýnt frá UFC Live Events en í þessari mögnuðu íþrótt etja kappi flestir af færustu og bestu bardagamönnum heims.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Sunderland - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
14.25 Stoke - Aston Villa Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.05 Man. Utd. - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
18.45 PL Classic Matches: Tottenham Hotspur - Portsmouth
19.20 PL Classic Matches: Leeds - Liverpool, 2000
19.50 Liverpool - Portsmouth Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
23.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
23.30 Liverpool - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Spjallið með Sölva (4:14) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Spjallið með Sölva (4:14) (e)
12.50 Pepsi MAX tónlist
16.15 Game Tíví (7:17) (e)
16.45 7th Heaven (19:22)
17.30 Dr. Phil
18.15 Vitundarvika (3:5) (e)
18.45 Worlds Most Amazing Videos (6:13) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd.
19.30 Fréttir
19.45 King of Queens (23:25) (e)
20.10 90210 (11:22) Liam og Dixon ætla að segja Naomi sannleikann um systur hennar og Navid rankar við sér á sjúkrahúsi en man ekki hver hrinti honum niður stigann.
20.55 One Tree Hill (11:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.
▶**21.40 CSI** (2:23) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
22.30 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Aðalgestur hans að þessu sinni er Idol-dómarinn Simon Cowell.
23.15 Dexter (11:12) (e)
00.15 Fréttir (e)
00.30 King of Queens (23:25) (e)
00.55 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Úr öskustónni Guðjón Bergmann leitar leiða upp úr öskustónni.
20.30 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari heimsækir eldhúsið hjá Veisluturninum.
21.00 Frumkvöðlar Gestir Elínóru Ingu eru Dóri Braga blúsari og Jói byssusmiður.
21.30 Í nærveru sálar Í umsjón Kolbrúnar Baldursdóttur. Stam og afleiðing þess að stama. Gestur er Jóhanna Einarsdóttir lektor.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

American Idol.

Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin á braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi. 16 söngvarar eru eftir í keppninni og syngja í kvöld til að komast í topp 12 úrslitahópinn.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Skrefin sex sem tengja

Sjónvarpið kl. 20.15

Heimildarmynd sem segir frá hvernig saklaus dægradvöl háskólanema varð með tímanum kveikjan að forvitnilegum rannsóknum vísindamanna. Samkvæmisleikurinn „Kevin Bacon og skrefin sex" gengur út á að tengja alla leikara Hollywood-stjörnunni Kevin Bacon í aðeins sex tengslaþrepum. Vísindasamfélagið telur að þessi kenning um „litla heiminn" eigi ekki aðeins við um fólk, heldur einnig um veirur, taugafrumur, prótín og jafnvel tískustrauma.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Hringsól
14.03 Bak við stjörnurnar
15.03 Útvarpssagan: Brúin á Drinu
15.25 Fólk og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Heimur hugmyndanna
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Einhver mun minnast vor
23.15 Lostafulli listræninginn
23.50 Þjóðsagnalestur
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 E.R. (11:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.30 Seinfeld (12:24) Fyrir mistök hendir Elaine skinnkápu vinkonu sinnar og Jerry og George greinir á um mikilvægi seðlaveskja.

19.00 The Doctors

19.45 E.R. (11:22)

20.30 Seinfeld (12:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

▶21.50 Réttur (1:6) Handrukkarinn Stígur Anderssen er stórhættulegur glæpamaður. Það er ekkert grín að þurfa verja slíkan mann fyrir Héraðsdómi. Það standa öll spjót á Loga Traustasyni nú þegar við siglum inn í seríu tvö af þessu frábæra íslenska réttardrama.

22.35 Cold Case (11:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

23.20 Twenty Four (8:24) Áttunda serían um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir að draga sig í hlé.

00.05 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

00.30 Fréttir Stöðvar 2

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.20 Extras **12.50** The Mighty Boosh **13.20** The Mighty Boosh **13.50** Jonathan Creek **14.40** Dalziel and Pascoe **15.30** Robin Hood **16.15** Extras **16.45** Never Better **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Sensitive Skin **19.00** My Family **19.30** The Fixer **20.20** Waking the Dead **21.10** My Family **21.40** Robin Hood **22.25** Jonathan Creek **23.15** The Fixer

DR 1

12.30 Seinfeld **12.50** Postkort fra Sydamerika **13.00** DR1 Dokumentaren **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Dragejægerne - Konkurrenten **15.55** Chiro **16.05** Tagkammerater **16.15** Den fortryllede karrusel **16.30** Peter Pedal **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Det sode liv **19.00** Stillehavets tropiske eventyr **19.50** Bagom **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Hjernestorm **23.20** Boogie Mix

NRK 1

12.10 Skavlan **13.10** Himmelblå **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Bedre puls **19.15** Klasse 10 B **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Ulykkesfuglen **21.30** Hjernevask **22.10** Kveldsnytt **22.25** Finnmarkslopet **22.55** Poirot. Det tause vitnet

SVT 1

12.20 På resa i Estland **13.00** Teatersupén **13.30** Gäst i eget hus **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Paralympics 2010 **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Det kungliga bröllopet **20.00** Saltön **21.00** Irina Palm **22.40** Melodifestivalen 2010

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Ég horfi lítið á sjónvarp en svona þegar ég man eftir hef ég gaman af House og Boston Legal.“

Eyþór Ingi Gunnlaugsson, tónlistarmaður.

Gerir myndina sem aldrei átti að gera

„Maður er að reyna en það gengur misvel. Þetta er líklegt en það á eftir að staðfesta nokkra hluti hér og þar,“ segir Ólafur Jóhannesson kvikmyndagerðarmaður.

Það vakti töluverða athygli þegar Ólafur setti á netið stiklu úr hugsanlegri kvikmynd sinni, Borgríki. Stiklan hafði heldur snubbóttan endi því áhorfendur voru kvaddir með þeim orðum að þetta væri myndin sem hefði getað orðið að veruleika ef ekki hefði komið til niðurskurðarins á kvikmyndasjóði og yfirlýsinga Páls Magnússonar, útvarpsstjóra RÚV, um að ekki yrði keypt neitt innlent efni.

En nú gæti Borgríki mögulega orðið að veruleika eftir allt saman. „Við ætlum að reyna á næstu vikum og mánuðum. Það eru margir að hjálpast að innan framleiðslunnar, reyna að finna nýjar leiðir til að framleiða kvikmynd,“ segir Ólafur.

Með helstu hlutverkin í myndinni fara þau Ágústa Eva Erlendsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson en Ólafur segir hana sýna undirheimana frá ólíkum sjónarhornum, þetta sé alvöru, harðsoðin glæpamynd. „Sagan verður sögð frá sjónarhóli íslenskra glæpamanna, serbneskra krimma og svo löggunnar og fleiri,“ útskýrir Ólafur. Leikstjórinn segir gulrótina fyrir leikarana vera þá að með þátttöku sinni fái þeir kærkomið frí frá öllu krepputalinu. „Maður gefst hreinlega bara upp á því að fylgjast með stöðugum Icesave-fréttum og upp-komst-um-þennan-fréttum. Þetta gæti bara verið hálfgerð meðferð frá þessu öllu, tækifæri til að útiloka þetta allt,“ segir Ólafur. - fgg

LÆTUR SLAG STANDA Borgríki er ekta glæpamynd um íslenska og serbneska glæpamenn og baráttu lögreglunnar við þá. Ólafur Jóhannesson hyggst reyna að gera myndina þrátt fyrir niðurskurð kvikmyndasjóðs og yfirlýsingar Útvarpsstjóra.



LÁRÉTT
2. andlegt áfall, **6.** karlkyn, **8.** munda, **9.** stormur, **11.** tvíhljóði, **12.** ráðagerð, **14.** fíflagangur, **16.** tveir eins, **17.** samræða, **18.** hvoftur, **20.** óreiða, **21.** hávaði.

LÓÐRÉTT
1. listi, **3.** tveir eins, **4.** stappar, **5.** vefnaðarvara, **7.** örvandi efni, **10.** eldsneyti, **13.** bók, **15.** að auki, **16.** skörp brún, **19.** ung.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lost, **6.** kk, **8.** ota, **9.** rok, **11.** au, **12.** átorm, **14.** flipp, **16.** ee, **17.** tal, **18.** gin, **20.** ru, **21.** gnýr.

LÓÐRÉTT: 1. skrá, **3.** oo, **4.** stampar, **5.** tau, **7.** koffein, **10.** kol, **13.** rit, **15.** plús, **16.** egg, **19.** ný.

ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR: FETAR Í FÓTSPOR LÁRUSAR PÁLSSONAR

Pabbi ánægður að ég fái að leika Jón Grindvíking

„Mér líst mjög vel á þetta, það verður mjög gaman að takast á við þetta hlutverk,“ segir Ilmur Kristjánsdóttir. Hún hefur tekið að sér hlutverk Jóns Grindvíkings í uppfærslu Þjóðleikhússins á Íslandsklukku Halldórs Laxness. Leikstjórinn Benedikt Erlingsson tekur óneitanlega mikla áhættu með þessu leikaravali sínu því Jón Grindvíkingur er sögulegur í íslenska leikhúsheiminum eftir að Lárus Pálsson fór á kostum í hlutverkinu og gerði það nánast ódauðlegt.

Ilmur gerir sér vel grein fyrir þeirri pressu sem fylgir þessu hlutverki. „Ég fór einmitt á Þjóðarbókhlöðuna nýverið og fór að lesa ævisöguna hans Lárusar, rak þá augun í glefsur úr dómum sem birtust eftir frumsýninguna sem voru einróma lof. Á meðan ég var að glugga í þetta þá áttaði ég mig á því að Guðjón Pedersen, fyrrum leikhússtjóri í Borgarleikhúsinu, stóð fyrir aftan mig og var að lesa yfir öxlina á mér en hann lék líka þetta hlutverk,“ segir Ilmur sem er hvergi bangin þótt hún sé þarna að leika karl. „Ég las Íslandsklukkuna þegar ég var sextán ára og mundi ekkert sérstaklega eftir þessum karakter. En ég hef lært ýmsilegt um hann, Hann var mikið bókanörd og bjargaði handriti sem brann með því að skrifa það upp eftir minni,“ segir Ilmur og viðurkennir um leið að hún sé sjálf ekki mikið bókanörd. „Nei, ég er svona „wannabe“ bókanörd, ég er alltaf að bíða eftir ró og friði til að sinna því áhugamáli,“ segir leikkonan sem hefur nú tekið sér frí frá guðfræðináminu um stundarsakir. „Allavega þetta ár og kannski það næsta. En maður er ekki búinn að loka neinum dyrum með þetta, sem betur fer.“

Ilmur segist hafa leikið mörg hlutverk um ævina, meðal annars sjálfa Sölku Völku úr samnefndri bók nóbelskáldsins. „En ég held að ég hafi aldrei séð pabba minn eins glaðan og þegar ég sagði honum að ég ætti að leika Jón Grindvíking. Hins vegar brá samkennara hans við Fjölbrautaskólann á Akranesi svolítið, íslenskukennaranum, og áréttaði mjög alvarlegur að það mætti alls ekki gera grín að honum,“ segir Ilmur. Frumsýnt verður 21. apríl næstkomandi en með önnur hlutverk í sýningunni fara þau Lilja Nótt Þórarinsdóttir sem er sjálf Snæfríður Íslandssól og Ingvar E. Sigurðsson sem leikur Jón Hreggviðsson.

freyrgigja@frettabladid.is

LEIKUR KARL Ilmur Kristjánsdóttir fer í skó Lárusar Pálssonar og leikur Jón Grindvíking í uppfærslu Þjóðleikhússins á Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTIR AF FÓLKI

Heimildarmyndin Hringurinn II eftir Eystein Guðna Guðnason var frumsýnd á Laugaveginum í síðustu viku. Hún er endurgerð myndarinnar Hringurinn sem **Friðrik Þór Friðriksson** sendi frá sér fyrir 25 árum. Myndirnar voru teknar upp í bíl sem ók hringinn í kringum landið án þess að leikarar kæmu við sögu. Frumsýningin gekk vel en Friðrik Þór sjálfur var þó hvergi sjáanlegur þrátt fyrir vonir Eysteins um að hann myndi líta við.

Sjónvarpsmanninum Loga Bergmann Eiðssyni og **Svanhildi Hólm Valsdóttur**, framkvæmdastjóra þingflokks Sjálfstæðisflokksins, fæddist stúlka á föstudagskvöld. Stúlkan var rúmar 17 merkur og 54,5 sentimetrar. Þetta er sjötta stúlkan sem Logi Bergmann eignast.

Lítið hefur farið fyrir **Birgi Ísleifi Gunnarssyni** síðan hann fór fyrir hljómsveitinni The Motion Boys á plötu árið 2008. Birgir hefur þó ekki setið auðum höndum og bráðlega kemur fyrsta sólólagið hans út. Hann lýsir fyrsta laginu sem algjöru popplagi en það eigi ekki endilega við um öll lögin. Þrátt fyrir þetta sólóverkefni sé Motion Boys ekki hætt, það hafi hins vegar haft lamandi áhrif á bandið að Björn Stefánsson trommari flutti til Danmerkur.

-fb, drg

Páll Óskar syngur með Sinfó í nóvember

„Mig langar að gera Las Vegas-sýningu með Sinfó,“ segir tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson.

Páll Óskar kemur fram ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í nóvember næstkomandi. Páll hyggst flytja mörg af vinsælustu lögum sínum ásamt þessari stærstu hljómsveit landsins, en þeir Þórir Baldursson, Haraldur Vignir Sveinbjörnsson og Samúel Jón Samúelsson, betur þekktur sem Sammi í Jagúar, sjá um útsetningar.

„Við liggjum í útsetningum á lögunum. Þetta er stærsta verkefnið mitt á árinu,“ segir Páll, sem var í óðaönn að undirbúa afmælisveislu sína á Nasa þegar Fréttablaðið náði í hann á föstudag. Stórafmæli poppstjörnunnar ber svo upp á morgun.

„Ég vil gera 70's diskó-útgáfur af þessum lögum. Taka það alveg þangað. Svo fæ ég tækifæri með Sinfó að taka stóru ballöðurnar og gera þær grand.“ - afb

LAS VEGAS-SÝNING Páll Óskar og Sinfó flytja 70's diskó-útgáfur af lögum hans.

Fyrirtæki – skólar – vinahópar

Þórsmörk

Er hópurinn að huga að vorferð?

Komið í Húsadal og upplifið þessa náttúruperlu í aðeins 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Þórsmörk er ævintýraland náttúruunnenda með endalausum möguleikum á gönguleiðum og útiveru þar sem jöklar, ár, fjöll og gróður kallast á í mögnuðu landslagi.

Fjölbreytt gisting

Í Húsadal er fjölbreytt aðstaða fyrir einstaklinga og hópa til styttri eða lengri dvalar. Boðið er upp á gistingu í tveggja manna herbergjum, smáhýsum og skálum.

Frábær aðstaða

Í glæsilegum funda- og veitingasal eru sæti fyrir um 100 manns, hvort sem um er að ræða fundi, ráðstefnur eða veisluhöld. Við getum boðið upp á fulla þjónustu í mat og drykk fyrir hópa. Auk þess er gufubað og sturtur á staðnum og hvað er betra eftir hressandi gönguferð en að skella sér í gufu?

Útbúum pakka fyrir hópa með gönguferðum, flúðasiglingum, kvöldvökum, grillveislum o.fl. Hafið samband eða farið á vefsíðu okkar www.thorsmork.is til þess að fá frekari upplýsingar.

Sjáumst í Mörkinni!

Farfuglar ▮ Borgartúni 6 ▮ 105 Reykjavík ▮ Sími 552 8300 ▮ thorsmork@thorsmork.is ▮ www.thorsmork.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
félags laganema við Háskóla Íslands
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð á bókasöfnum, mán kl. 16 – 18 í dag á Aðalsafni v/ Tryggvagötu

FRÉTTIR AF FÓLKI

Frábær veisla

Poppstjarna Íslands, **Páll Óskar Hjálmtýsson**, bauð vinum og vandamönnum til afmælisveislu á Nasa á laugardaginn. Nokkur hundruð manns fengu faðmlag og mynd af sér með goðinu þegar komið var á staðinn. Í veislunni léku svo Spilverk þjóðanna og Gylfi Ægisson og kynnir var Hemmi Gunn. Veitingar þóttu ekkert slor og gleðibros var á hverjum einasta gesti eftir veisluna. Nema kannski Birni Blöndal, ljósmyndara á Séð og heyrt, sem fékk þau skilaboð við komuna að enginn áhugi væri á því að myndir úr veislunni birtust á síðum blaðsins.

Óperan söng með Diktu

Hljómsveitin Dikta, sem var kjörin vinsælasti flytjandinn á Íslensku tónlistarverðlaununum, hitti rækilega í mark með tónlistaratriði sínu á hátíðinni. Þar fékk hljómsveitin óvænta aðstoð tuttugu manna kórs og tíu trommuleikara í laginu Thank You sem hefur notið mikilla vinsælda að undanförnu. Kórinn stjórnaði á sama tíma fjöldasöng sem varð til þess að allur salurinn tók hressilega undir og myndaðist við það mikil stemning í Íslensku óperunni.

- hdm, fb

Mest lesið VISIR.IS

1. Mamma Maddíar biður fyrir ræningjunum
2. Efstur í mottukeppninni - missti bróður sinn í síðustu viku
3. Snjósleðamenn lentu í snjóflóði
4. Braut glas á höfði annars manns
5. Fjöldamorðum hótað í háskóla í Stokkhólmi

TENGI

Hreinsiefni fyrir heita potta

Eigum mikið úrval af hreinsiefnum fyrir heita potta.

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum

25-40% afsláttur

Vandaður hvíldarstóll með leðri

Tilboðsverð kr. 119.000.-
25% afsláttur

Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.
Innbyggður skemill.

Tilboðsverð kr. 99.000.-
40% afsláttur

Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði

Tilboðsverð kr. 85.000.-
25% afsláttur

Vandaður hvíldarstóll með leðri

Tilboðsverð kr. 99.000.-
40% afsláttur

Vandaður hvíldarstóll með leðri

Tilboðsverð kr. 119.000.-
25% afsláttur

Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði

Tilboðsverð kr. 79.000.-
40% afsláttur

Vandaður hvíldarstóll með leðri

Tilboðsverð kr. 99.000.-
40% afsláttur

Vandaður hvíldarstóll með leðri

Tilboðsverð kr. 99.000.-
40% afsláttur

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
www.valhusgogn.is
Opið virka daga kl. 10-18 Laugardag kl. 11-16